


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skólar & námskeið




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!




Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
5. janúar 2011
3. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




## Tæta niður tölvur

*Gagnaeyðing fagnar tuttugu ára afmæli með ljósmyndasýningu.*

**tímamót** 14

## Á leið til landsins

*Frank og Casper kynna umdeilda Klovn-mynd á Íslandi um helgina.*

**fólk** 26



## Á toppnum

*Man. Utd er með þriggja stiga forskot í enska boltanum eftir sigur á Stoke.*

**sport** 22

## veðrið í dag




**HVESSIR Á NÝ** Í dag verður stíf N-átt SA-til en annars mun hægari. Úrkomulítið en bjart S- og V-til. Vaxandi NA-átt með éljum N- og A-til í kvöld. Frost 0-10 stig.

**VEÐUR** 4

# Kanadískur fisksölurisi býður 52 milljarða í Icelandic Group

**Framtakssjóður Íslands hefur ekki svarað ítrekuðum óskum kanadísks fyrirtækis um kaup á stórum hlut í Icelandic Group. Viðræður við danskan fjárfestingasjóð eru langt komnar. Margir hafa sýnt félaginu áhuga.**

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn kanadísks fisksölufyrirtækis eru afar ósáttir við að fá ekki að bjóða í Icelandic Group sem er í eigu Framtakssjóðs Íslands. Viðræður um sölu á hlut í fyrirtækinu til dansks fjárfestingasjóðs eru langt komnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa forsvarsmenn fyrirtækisins High Liner Foods ítrekað sent framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands erindi vegna málsins, nú síðast í gær.

Þar kemur fram að High Liner Foods sé tilbúið að greiða um 340 milljónir evra, sem jafngilda um 52,4 milljörðum króna, fyrir allar eigur Icelandic Group utan Íslands. Það er þó háð því að áreiðanleikakönnun á Icelandic Group leiði ekkert óvænt í ljós. High Liner Foods er helsti keppinautur Icelandic Group. Fyrirtækið vinnur og selur sjávarafurðir í verslanir um öll Bandaríkin, Kanada og í Mexíkó.

Forsvarsmenn Framtakssjóðs Íslands hafa hingað til ekki sýnt áhuga á viðræðum við High Liner Foods. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru viðræður um sölu á stórum hluta Icelandic Group, sjálfu sölukerfinu. Þó komi vel til greina að selja meirihlutann í verksmiðjum fyrirtækisins erlendis.

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, segir ekki standa til að selja meirihluta í íslenskum hluta Icelandic Group, sjálfu sölukerfinu. Þó komi vel til greina að selja meirihlutann í verksmiðjum fyrirtækisins erlendis.

„Það hafa margir haft samband eftir að við eignuðumst fyrirtækið og komið með sínar hugmyndir. Við ákváðum að taka upp viðræður við einn aðila. Tíminn mun svo leiða í ljós hver niðurstaðan verður,“ segir Finnbogi. Hann segir að á meðan rætt sé við Triton sé ekki rætt við aðra fjárfesta.

> Það hafa margir haft samband eftir að við eignuðumst fyrirtækið og komið með sínar hugmyndir.
>
> FINNBOGI JÓNSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMTAKSSJÓÐS ÍSLANDS

Stærstur hluti Icelandic Group komst í eigu Framtakssjóðsins þegar sjóðurinn keypti eignarhaldsfélagið Vestia af Landsbankanum í ágúst í fyrra. Framtakssjóðurinn er í eigu sextán af stærstu lífeyrissjóðum landsins. Finnbogi segir söluferlið opið í þeim skilningi að allir sem hafi áhuga á því að eignast hlut í fyrirtækinu viti að til standi að selja hluta þess og geti lýst yfir áhuga. Hann segir að Framtakssjóðurinn sé að hluta til að velja sér samstarfsaðila með sölu á hlut í fyrirtækinu.

Sala Landsbankans á Vestia til Framtakssjóðs Íslands var gagnrýnd, þar sem yfirlýst stefna Vestia var að selja fyrirtæki sem kæmust í eigu félagsins í opnu og gagnsæju ferli. Þá sagði Steinþór Pálsson, forstjóri Landsbankans, í samtali við Rúv að Framtakssjóður Íslands hefði sömu stefnu og myndi selja fyrirtækin í opnu ferli. **- bj**



**Í SKÓLANUM, Í SKÓLANUM** Skólastarf hófst um allt land í gær eftir jólafrí. Ekki var að sjá annað en að börnin í Dalskóla í Úlfarsárdal tækju því fagnandi að vera komin aftur í skólann. Það var kátt á hjalla hjá þessum hressu krökkum þegar þeir voru á leið út í frímínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Shakespeare-æði á Íslandi:

## Sama sýning í Versló og MR

**FÓLK Óvenjuleg staða hefur komið upp í Menntaskólanum í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands, en leikfélög beggja skóla frumsýna leikverk byggð á sýningunni Draumi á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare nú í febrúar. Versló og MR hafa löngum eldað grátt silfur.**

**Þetta er í fyrsta skipti svo vitað sé að sama verk er sett upp í tveimur af stærstu framhaldsskólum landsins.**

**Sannkallað Shakespeare-æði ríður yfir landið um þessar mundir, en tvær helstu sýningar atvinnuleikhúsanna um þessar mundir eru eftir Shakespeare: Ofviðrið í Borgarleikhúsinu og Lér konungur í Þjóðleikhúsinu.**

**- ka /** **sjá síðu 26**

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða vissi ekkert um díoxínmengun frá Funa:

## Meiri mengun í Eyjum og á Klaustri

**UMHVERFISMÁL** Díoxínmengun frá sorpbrennslum í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri var mun meiri en frá sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði árið 2007. Umhverfisstofnun hefur boðað rekstraraðila þessara starfandi sorpbrennslna á fund í dag til þess að ræða stöðuna og framhaldið.

Niðurstöður mælingarinnar árið 2007 sýna að díoxín í útblæstri í Vestmannaeyjum var 84 sinnum meira en viðmiðunarmörk fyrir sorpbrennslur sem starfa á grundvelli EES-reglna frá 2003 gera ráð fyrir. Díoxín frá sorpbrennslunni á Klaustri var 95 sinnum meiri en viðmiðunarmörk gera ráð fyrir.

Allar sorpbrennslurnar starfa á undanþágu frá EES-reglunum sem íslensk stjórnvöld sóttu um og fengu. Díoxín hefur ekki verið mælt á Svínafelli í Öræfum þar sem fjórða sorpbrennslan starfar.

Anton Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, segir að hann hafi frétt af díoxínmengun frá sorpbrennslunni Funa á mánudaginn var. Hann viðurkennir að hafa fengið eftirlitsskýrslur en „ekki lúslesið þær“ þar sem Umhverfisstofnun er eftirlitsaðili sorpbrennslu á Vestfjörðum.

Hann segir að ef Ísafjarðarbær hefði birt upplýsingar um díoxín opinberlega hefði hann átt að fá þær fyrstur. **- shá /** **sjá síðu 10 og 11**

Komdu með kassann
Tökum allar gerðir
10. hver
videóspóla, kassetta, filma, plata eða slides
ókeypis í janúar!



Allar fjölskylduminningarnar í einn veglegann DVD pakka
Gagnvirkni
www.gagnvirkni.is - 5174511
Hamraborg 1, Kópavogi

Sphinx TENGI
Upphengt salerni án setu
Tilboðsverð: 11.800,- kr



Opið virka daga frá kl. 8-18
Laugardaga frá kl. 10-15
Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Hannes, finnst þér lítil reisn yfir kirkjunni í þessu máli?*

„Hið kirkjulega hold hefur oft risið hærra."

Myndlistarsýningu Hannesar Lárussonar, Líkamshlutum, var úthýst úr Hallgrímskirkju. Á kynningarplakati sýningarinnar mátti meðal annars sjá typpi og brjóst.

Díoxíneitrun í kjöti og eggjum skekur þýskan landbúnað:

# Framleiðslubann á þúsund býlum

**ÞÝSKALAND** Framleiðslubann var sett á yfir þúsund þýsk sveitabýli á mánudag eftir að nokkurt magn eiturefnisins díoxíns fannst í dýrafóðri og í eggjum sem send voru í verslanir.

Ekki er vitað til þess að nokkrum hafi orðið meint af díoxín-menguðum vörum og ekki verður ljóst fyrr en eftir nokkrar vikur hversu mikið magn af megnuðum vörum barst í verslanir.

Eitrunin er rakin til dýrafóðurs, en talið er að mengaðar olíur, sem ætlaðar voru til framleiðslu lífeldsneytis hafi verið notaðar í fóður.

Rannsókn á málinu er hafin, en landbúnaðarráðherra fylkisins Neðra Saxlands, sem varð verst úti, sagði við fjölmiðla að hann vonaðist til þess að þeim sem ábyrgð bæru á eitruninni yrði gerð hörð refsing og þeim bændum sem er lokað hjá verði bætt tjón sitt.

Talsmaður Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sagði í gær að ekki yrði sett útflutningsbann á þýskar landbúnaðarafurðir þar sem um staðbundin tilvik sé að ræða.

Díoxín verður meðal annars til við brennslu úrgangs og getur valdið fólki heilsutjóni. **- þj**



**EGGJAFRAMLEIÐSLA** Díoxín mældist í eggjum í Þýskalandi og hefur því verið sett framleiðslubann á þúsund bæjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óútskýrður fugladauði:

## Fuglum rignir af himnunum

**DÝRALÍF** Yfir fimm hundruð dauðir svartþrestir fundust liggjandi á þjóðvegi í Lousiana-ríki í Bandaríkjunum í fyrradag. Hræ þeirra náðu yfir um eins kílómetra kafla af veginum. Aðeins eru fjórir dagar liðnir frá því að mörg þúsund dauðir svartþrestir hrundu af himnum í Arkansas.

Líkur eru taldar á að fuglarnir hafi drepist úr hræðslu vegna flugelda, eða að þeir hafi orðið fyrir eldingum eða háloftahagléli. Fuglarnir í Louisiana verða krufnir til þess að finna dánarorsök. **- ót**

Lögfræðinemi við HR:

## Sigraði í máli gegn LÍN

**MENNTAMÁL** „Ég varð fyrir misrétti og brotið var á lögvörðum hagsmunum mínum, en eftir stend ég sem sigurvegari, vonandi öðrum til hagsbóta," segir Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir, laganemi við Háskólann í Reykjavík.



**ÞORBJÖRG INGA ÞORSTEINSDÓTTIR**

Þorbjörg sótti um námslán hjá LÍN fyrir grunnnámi í lögfræði eftir að hafa lokið meistaragráðu í sama námi, en var synjað þrátt fyrir að skólakerfið bjóði upp á þá leið. Hún ákvað að kæra synjunina á grundvelli ólöglegra úthlutunarreglna, þar sem kveðið er á um það í lögum að allir eigi sama rétt til námslána, og vann málið.- **þlg / sjá skólar og námskeið**

# Hækka leikskólagjald námsmanns um 110%

**Leikskólagjöld í Hafnarfirði meira en tvöfaldast fyrir vissa hópa þegar tekið verður að miða afslátt við tekjur 1. mars. Ætlunin að gæta jafnræðis og tryggja að niðurgreiðslur fari þangað sem þörfin er mest segir fræðslustjóri.**

**FÉLAGSMÁL** Þórdís Rúriksdóttir, móðir tveggja ára stúlku í Hraunvallaleikskóla í Hafnarfirði, sér nú fram á að leikskólagjald fyrir dóttur hennar hækki úr 21 þúsund krónum í 44 þúsund á mánuði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ákvað 17. desember að afnema allan núverandi afslátt í gjaldskrá leikskóla bæjarins frá 1. febrúar.

Magnús Baldursson, fræðslustjóri Hafnarfjarðar, segir áherslu lagða á að halda átta stunda vistun fyrir öll börn. Þau pláss séu í raun niðurgreidd um 85 prósent. Hins vegar verði innheimtur raunkostnaður fyrir alla vistun sem boðið sé upp á þar fram yfir. Það er einmitt þess vegna sem breytingin kemur illa við Þórdísi.

„Ég er bæði í vinnu og námi. Stundataflan mín er þannig að einn dag í viku þarf dóttir mín níu og hálfan tíma á leikskólanum. Þar af leiðandi verð ég að borga fyrir níu og hálfs tíma vistun allan mánuðinn. Það myndi kosta um 21 þúsund krónur núna en mun, eftir því sem ég kemst næst, kosta um 44 þúsund krónur eftir breytinguna," segir Þórdís.

Magnús segir breytinguna vissulega munu leiða til verulegra hækkana fyrir suma. Ætlunin sé hins vegar að veita afslátt vegna umframstundanna á leikskólum bæjarins. Hann bendir á að í núverandi kerfi fái einstæðir foreldrar og námsmenn sjálfkrafa afslátt.

„Tekjur skiptu engu máli eða hvernig aðstæður voru að öðru leyti og engir aðrir fengu þennan afslátt. Hins vegar vitum við mæta vel, ekki síst núna í hruninu þegar fólk er að missa vinnuna, að það fólk í sambúð hefur sumt ekkert síður þörf fyrir að fá þennan afslátt. Þetta er því ekki eingöngu hugsað sem sparnaðaraðgerð heldur til að gæta jafnræðis," segir fræðslustjórinn og upplýsir að breytingunni verði frestað til 1. mars þar sem enn sé ekki ákveðið við hvaða tekjur afslátturinn verði miðaður.



**ÞÓRDÍS OG NATALÍA** Mæðgurnar fá þau svör á bæjarskrifstofum Hafnarfjarðar að frá næstu mánaðamótum muni níu og hálfrar stundar leikskólavist fyrir Natalíu kosta 44 þúsund krónur á mánuði í stað 21 þúsund króna eins og nú er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Fólk í sambúð hefur sumt ekkert síður þörf fyrir að fá þennan afslátt.
>
> **MAGNÚS BALDURSSON** FRÆÐSLUSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Þórdís segir sína stöðu reyndar nokkuð góða þar sem maðurinn hennar sé með ágætis laun. „Ég efast um að við fáum þennan afslátt sem á að veita enda sýnist mér að fólk muni þurfa að vera ansi illa statt til þess. En ég er ekki bara að hugsa um mig heldur aðra líka, til dæmis starfsmenn leikskólanna sem hafa hingað til fengið afslátt en verða nú settir í hóp með öllum öðrum. Ég óttast að þetta verði til þess að hæfir starfsmenn hætti," segir Þórdís Rúriksdóttir. **gar@frettabladid.is**

## Dr. Jón Bragi er látinn

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði við Háskóla Íslands, lést síðastliðinn mánudag, 62ja ára að aldri.



Jón Bragi lauk doktorsprófi í lífefnafræði árið 1978 og kenndi við Háskóla Íslands frá árinu 1979.

Hann var forstöðumaður Raunvísindastofnunar um nokkurra ára skeið og gegndi auk þess ýmsum störfum á sviði háskólasamfélags og félagsmála.

Jón Bragi varði stórum hluta starfsævi sinnar í rannsóknir á meltingarensímum íslenska þorsksins og stofnaði Ensímtækni ehf. sem framleiðir heilsuvörur sem hafa vakið mikla athygli og eru margar komnar á markað erlendis.

Jón Bragi lætur eftir sig eiginkonu, þrjú börn og þrjú fósturbörn.

Í kynlífsgalla úti á þýskri götu:

## Hlýddi skipun eins og þræll

**ÞÝSKALAND Uppi varð fótur og fit í Günzburg í Bæjaralandi í Suður-Þýskalandi þegar grímuklæddur maður gekk um götur bæjarins. Við athugun lögreglu kom í ljós 45 ára karlmaður með leðurgrímu á höfði og klæddur í skjóllítinn leðurgalla.**

**„Þegar maðurinn var látinn gera grein fyrir sér sagðist hann vera að leika þræl í sadómasókískum kynlífsleik," sagði í tilkynningu frá lögreglu sem fréttavefur Der Spiegel segir frá. Stjórnandi leiksins hafði sagt manninum að fara svona klæddur niður í bæ og hann hlýddi eins og þræll. Manninum var sleppt með áminningu um að breyta klæðaburði sínum.**

**- pg**

Grunaður um árás og hótanir:

## Í gæsluvarðhald fram á föstudag

**LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem grunaður er um árás á sambýliskonu sína og vinkonu hennar aðfaranótt 1. janúar. Maðurinn verður í varðhaldi út vikuna og verður hafður í einangrun.**

**Maðurinn er einnig grunaður um alvarlegar hótanir í garð vitnis í öðru máli. Þar er maðurinn ásamt öðrum kærður fyrir líkamsárás, frelsissviptingu og fjárkúgun.**

**Lögregla telur verulega hættu á að maðurinn muni beita vitni í málinu líkamlegu ofbeldi eða hóta þeim gangi hann laus.** **- bj**

Niðurskurður í Danmörku:

## Einn leikskólakennari með rúmlega 20 börn

**DANMÖRK** Sum dönsk sveitarfélög ganga svo hart fram í niðurskurði í ár að víða á Suður-Sjálandi og Fjóni mun einn leikskólastarfsmaður þurfa að hafa umsjón með 20-24 leikskólabörnum hluta dagsins.

„Þetta er á mörkum þess að vera vanræksla í umönnun," er haft eftir Mette Gerdoe hjá samtökum danskra leikskólakennara á vef danska ríkisútvarpsins. „Með þessu móti er ekki hægt að sinna þörf 3-5 ára barna fyrir grundvallarumönnun."

Leikskólakennurum hefur verið sagt upp í um helmingi danskra sveitarfélaga. **- pg**

Framkvæmdastjórn ESB velur Micro-USB sem staðal farsímahleðslutækja:

# Eitt hleðslutæki í alla farsíma

**TÆKNI** Áður en langt um líður gætu allir farsímar notað eins hleðslutæki, að því er fram kemur í breska blaðinu Telegraph. Þar er fjallað um nýjan staðal sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur ákveðið að skuli vera ráðandi. Helstu farsímaframleiðendur samþykktu sumarið 2009 að stefna í þessa átt.

Í tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB kemur fram að í byrjun hafi tíu framleiðendur samþykkt að micro-USB tækni verði ráðandi við hleðslu rafhlaðna og gagnaflutninga. Þar á meðal eru framleiðendur á borð við Apple, Motorola, Nokia, Qualcomm, Research In Motion (Blackberry), Samsung og Sony Ericsson.

Telegraph hefur eftir talsmanni framkvæmdastjórnarinnar að fyrstu tækin sem uppfylla nýjan staðal að fullu verði fáanleg í byrjun næsta árs, en micro-USB tengi eru nú þegar nokkuð algeng í svokölluðum snjallsímum.

Stöðluð hleðslutæki eiga svo að gera notendum lífið auðveldara, draga úr sorpi og styðja við farsímaiðnaðinn. Töluverður umhverfisávinningur er sagður vera í því að nota samhæfð hleðslutæki, enda á þá að sjá fyrir endann á að gömul hleðslutæki hrannist upp til förgunar í hvert sinn sem fólk skiptir um farsíma. **- óká**



**MICRO-USB** Á vef ESB kemur fram að tíu farsímaframleiðendur hafa samþykkt að nota micro-usb tengi til gagnaflutninga og hleðslu rafhlaðna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VG gagnrýnir borgarstjórnina:

## Kæfa rannsókn á stjórnsýslunni

**REYKJAVÍKURBORG** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir að með tillögu Besta flokksins og Samfylkingarinnar, sem allir borgarfulltrúar nema hún samþykktu í gær, sé verið að þynna út samþykkt frá því í fyrravor varðandi verkefni nefndar sem á að gera úttekt á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í tilefni af hruninu og niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis.

„Það sér það hver sá sem ber samþykktirnar saman að hér er verið að draga úr áhrifamætti fyrri samþykktar og vakna vissulega grunsemdir um að núverandi meirihluti vilji kæfa þessa stjórnsýslurannsókn og drepa málinu á dreif," bókaði Sóley á fundi borgarstjórnar í gær. **- gar**



NÝÁRS ÚTSALA
HEFST Í DAG
NÝÁRS ÚTSALA · NÝÁRS ÚTSALA
damixa
Eldhústæki
Space Damixa.
8000850
8.990,-
12.995,-
BLÖNDUNARTÆKI ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
Loftljós Doretea
Hvítt/króm.
6000766
3.990,-
6.990,-
LJÓS ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
RAFMAGNSVERKFÆRI ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR
59.900,-
79.900,-
10 ltr.
5.595,-
6.995,-
TRUENORTH
BLACK&DECKER
11.995,-
15.995,-
Hjólsög
1100W, 170 mm blað.
5246023
RAFTÆKI ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
Frystiskápur
Frigor, 165 ltr.
1805493
JOTUN
Jotaplast
20% AFSLÁTTUR af allri innimálningu
Jotaplast
Gæða plastmálning á loft, gljástig 2.
7119808
ÚTIVISTARFATNAÐUR ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
11.990,-
14.990,-
Úlpa
með loðkraga
5869948
HÚSASMIÐJAN
NÝÁRS ÚTSALA
Útsölublaðið er á leiðinni til þín!
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Afsláttur á útsölu gildir ekki af vörum merktum “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” enda höfum við þegar lækkað þær vörur í lægsta verð sem við getum boðið á viðkomandi vöru.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 04.01.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,58 | 115,12 |
| Sterlingspund | 179,03 | 179,91 |
| Evra | 153,38 | 154,24 |
| Dönsk króna | 20,578 | 20,698 |
| Norsk króna | 19,603 | 19,719 |
| Sænsk króna | 17,108 | 17,208 |
| Japanskt jen | 1,3935 | 1,4017 |
| SDR | 177,17 | 178,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,0194

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingflokksformaður VG vonar að menn skilji sáttir eftir fundinn í dag:

# Á ekki von á stórum tíðindum

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstri grænna hittist á fundi í dag í fyrsta sinn síðan miklar deilur blossuðu þar upp í lok árs.

Fundurinn hefst klukkan tólf. Árni Þór Sigurðsson, starfandi þingflokksformaður, kveðst ekki eiga von á að þar dragi til tíðinda. Fundurinn stendur þó fram á kvöld, en tekið verður um tveggja klukkustunda hlé um miðjan dag vegna jarðarfarar.

„Við erum bara að fara að ræða innra starf þingflokksins og starfsáætlunina fram á vorið. Að sjálfsögðu ræðum við þau mál



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

sem flokkurinn hefur ekki verið alveg samstíga í, eins og gengur, en ég vonast til og hef ástæðu til að ætla að allir reyni að leggja sitt af mörkum til að þetta verði góður fundur," segir Árni.

Meðal þess sem rætt verður eru sjávarútvegsmál og Evrópumál, en síður er búist við því að stofnun atvinnuvegaráðuneytis komi til umræðu. Hún hefur verið umdeild innan flokksins.

Fyrir jól kom til snarpra deilna milli þremenninganna sem studdu ekki fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar, einkum Lilju Mósesdóttur, og annarra þingmanna flokksins. Lilja gekk svo langt að segjast íhuga úrsögn úr flokknum.

Spurður hvort hann hafi trú á að allir skilji sáttir að fundi loknum segist Árni vona það, en meira viti hann ekki. **- sh**

Danir bjartsýnir á framtíðina:

## Sólarferðir seljast vel í kulda

**DANMÖRK** Miklir vetrarkuldar og bjartsýni á efnahagsþróun veldur því að sólarlandaferðir seljast sem aldrei fyrr í Danmörku.

Um 30 prósentum fleiri Danir ætla til útlanda í janúar og febrúar en á síðasta ári, segir á vef danska viðskiptablaðsins Börsen. Fleiri verða líka á faraldsfæti í mars og apríl en í fyrra.

Egyptaland og Kanaríeyjar eru efst á blaði yfir þá staði sem Danir sækja heim í vetur en auk þess kaupa margir ferðir til Kúbu, Taílands og Mexíkó. **- pg**



**MYRTUR** Lífvörður skaut 26 byssukúlum í bak Taseers. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjóri í Pakistan myrtur:

## Var skotinn til bana af lífverði

**PAKISTAN, AP** Ríkisstjórinn í fjölmennasta héraði Pakistan var í gær skotinn til bana af eigin lífverði. Lífvörðurinn sagði við yfirheyrslur að hann hafi verið ósáttur við andstöðu ríkisstjórans við lög sem heimila dauðarefsingar yfir þeim sem móðga íslam.

Salman Taseer var ríkisstjóri í Punjab-héraði og náinn samstarfsmaður Asifs Ali Zardari forseta. Honum var lýst sem hófsemdarmanni sem varði réttindi kvenna, minnihlutahópa og aðskilnað ríkis og trúarbragða.

Taseer er háttsettasti embættismaðurinn sem myrtur er í Pakistan frá því að Benazir Bhutto var myrt í desember 2007. **- bj**

Uppsjávarveiðar HB Granda:

## Minni afli en aukið verðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR Afli uppsjávarveiðiskipa HB Granda var alls tæplega 96.400 tonn á síðasta ári og aflaverðmætið nam rúmlega 3,4 milljörðum króna. Aflinn dróst saman um tæp 8 prósent frá árinu á undan en þrátt fyrir það jókst aflaverðmætið um 28,3 prósent.**

**Þetta kemur fram í samantekt frá uppsjávarsviði HB Granda. Faxi RE var aflahæstur uppsjávarveiðiskipanna með 32.248 tonn en Ingunn AK var með nánast jafn mikinn afla eða 32.224 tonn.**

# Hannes kærir leka tveggja saksóknara

**Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, afhenti kröfuhafa FL Group rannsóknargögn eftir samráð við Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara. Gögnin rötuðu í fjölmiðla. Hannes Smárason hefur kært málið.**

**DÓMSMÁL** Hannes Smárason hefur kært Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara og Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, fyrir brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Lögmaður Hannesar lagði kæruna fram í nóvember, eftir að gögn tengd rannsókn efnahagsbrotadeildar á viðskiptum FL Group voru afhent fulltrúa eins af stærri hluthöfum í fyrirtækinu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er aðdragandi þessa máls með þeim hætti að Helgi Magnús sendi ríkissaksóknara tölvupóst í mars 2010, þess efnis að fulltrúi tiltekins kröfuhafa hefði farið fram á að fá afhent afrit af gögnum sem embætti Skattrannsóknarstjóra hafði aflað með húsleit, meðal annars hjá FL Group.

Gögnin hafði embættið sent saksóknara efnahagsbrotadeildar RLS og tengdust þau viðskiptum FL Group með flugfélagið Sterling. Fulltrúinn hefur ekki kvaðst álíta að aðgerðir stjórnar og forstjóra FL Group hefðu valdið tilteknum hluthöfum tjóni og íhuguðu þeir að leita réttar síns.

Í tölvupóstinum leitaði saksóknari efnahagsbrota óformlegs álits ríkissaksóknara á afhendingu gagnanna. Ríkissaksóknari kvaðst í svari ekki hafa forsendur til að meta málið, en mælti ekki gegn afhendingu að tilteknum atriðum uppfylltum.

Saksóknari efnahagsbrota RLS afhenti síðan fulltrúanum gögnin. Upplýsingar úr þeim birtust síðar í fjölmiðlum og kærði lögmaður Hannesar ríkissaksóknara og saksóknara efnahagsbrota í framhaldi af því, hinn fyrrnefnda fyrir samráð um afhendingu gagnanna og hinn síðarnefnda fyrir afhendingu þeirra.

Meðal annars er bent á að rík þagnarskylda um rekstur og viðskipti FL Group hafi verið brotin. Vísað er til lagagreina sem kveða á um viðurlög við brotum af þessu tagi sem geta verið allt að þriggja ára fangelsi.

Lögmaður Hannesar fór fram á að Valtýr Sigurðsson viki sæti við meðferð málsins. Sá síðarnefndi sendi beiðni þess efnis til dómsmálaráðuneytisins, sem setti Guðjón Ólaf Jónsson hæstaréttarlögmann til að fara með málið á hendur Valtý ríkissaksóknara og Helga Magnúsi saksóknara efnahagsbrotadeildar RLS.

**jss@frettabladid.is**



HANNES SMÁRASON

VALTÝR SIGURÐSSON

HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

Rúmlega 12.000 skráningar:

## Undirskriftir á móti vegtollum

**SAMGÖNGUR Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hóf undirskriftasöfnun á netinu í gær þar sem fyrirhuguðum vegtollum umhverfis höfuðborgarsvæðið er mótmælt. Rúmlega tólf þúsund manns hafa skráð nafn sitt á síðuna.**

**Á síðunni segir að stjórnvöld hafi valið úr umferðarþyngstu kaflana af samhangandi og samstæðu þjóðvegakerfi Íslands til að gera sérstaklega gjaldskylda í ofanálag við gríðarháa skatta sem fyrir séu á eldsneyti, bifreiðar og rekstur þeirra.**

**„Þetta er gjörbreyting á grundvallarhugmyndinni um þjóðvegi í þágu allra byggða og allra landsmanna," segir á undirskriftasíðu FÍB. - sv**

Ásta H. fer til Seðlabankans:

## Sagði upp hjá Íbúðalánasjóði

**VIÐSKIPTI** Ásta H. Bragadóttir hefur verið ráðin í starf framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Seðlabankans. Undir það fellur jafnframt starfsmannastjórn. Hún var á meðal 77 umsækjenda.

Ásta var aðstoðarframkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs og starfaði sem framkvæmdastjóri eftir að Guðmundur Bjarnason hætti störfum um mitt síðasta ár.

Ásta var önnur tveggja sem stóðu eftir sem umsækjendur um stöðu framkvæmdastjóra. Hún dró umsóknina til baka eftir að Árni Páll Árnason, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, lagði til að valnefnd legði mat á umsækjendur. **- jab**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**FER VERSNANDI Á MORGUN** Það dregur til tíðinda í veðrinu á ný en það gengur í vaxandi norðaustanátt með éljum um norðan- og austanvert landið í kvöld. Víða allhvasst eða hvasst á morgun með snjókomu nyrðra en úrkomulítið syðra.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 4° |
| Berlín | -8° |
| Billund | 0° |
| Frankfurt | -2° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 6° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 4° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -1° |
| París | 3° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is




# **Nýtt hreyfiafl** á gömlum grunni

Reykjavík
Akranes
Borgarnes
Blönduós
Ísafjörður
Sauðárkrókur
Akureyri
Egilsstaðir
Reyðarfjörður
Selfoss
Vestmannaeyjar
Reykjanesbær

## Intrum á Íslandi verður nú **Motus**

Í dag breytir Intrum á Íslandi um nafn og verður Motus. Fyrirtækið verður nú alfarið í eigu íslenskra aðila og verður áfram leiðandi á íslenskum markaði á sviði kröfustjórnunar.

Kröfustjórnun (Credit Management Services) er hugtak sem notað er til að lýsa þjónustu sem tekur á öllu ferli reikningsviðskipta, þ.e. frá því ákvörðun um lánsviðskipti er tekin þar til greiðsla hefur verið innt af hendi eða önnur niðurstaða fengin.

Greiðendur munu eftir sem áður geta leitað til 12 afgreiðslustaða Motus um allt land og þeim er ávallt velkomið að hafa samband til að leysa málin.

Motus er latína og merkir hreyfing, en hlutverk
Motus er að koma hreyfingu á peningana.

intrum justitia

Motus er samstarfsaðili Intrum Justita,
sem er stærsta fyrirtæki í Evrópu
á sviði Kröfustjórnunar
(Credit Management Services).

motus
EKKI GERA EKKI NEITT

**Motus** . Laugavegi 99 . 101 Reykjavík . Sími 440 7700 . www.motus.is

KJÖRKASSINN



*Telur þú að álversbyggingar séu úr sögunni hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 43,4% |
| Nei | 56,6% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Mun ríkistjórnin sitja út kjörtímabilið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Tveimur mönnum úr skotárásarmálinu í Bústaðahverfi var sleppt:

# Tveir byssumenn áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Tveir byssumenn hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 1. febrúar að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir tóku þátt í skotárás í Bústaðahverfinu á aðfangadag, ásamt tveimur öðrum. Gæsluvarðhaldið er á grundvelli almannahagsmuna.

Mennirnir voru handteknir eftir skotárásina og hafa setið í gæsluvarðhaldi frá 25. desember. Þeir hafa báðir játað aðild sína að málinu. Lögreglan lagði einnig fram kröfu um fjögurra vikna gæsluvarðhald yfir hinum tveimur, sem hafa sömuleiðis játað aðild sína að málinu, en á hana var ekki fallist í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hinir síðarnefndu sátu líka í gæsluvarðhald frá 25. desember en eru nú lausir úr haldi lögreglu. Mennirnir fjórir, sem eru á þrítugs- og fertugsaldri, hafa allir áður komið við sögu hjá lögreglu. Rannsókn málsins er lokið og verður það sent embætti ríkissaksóknara.

Málsatvik voru þau að tveir karlmenn komu að húsi í Bústaðahverfi á aðfangadagsmorgun. Virtust þeir eiga eitthvað vantalað við húsráðandann. Kom til átaka en mennirnir héldu síðan á brott. Þeir sneru svo aftur að húsinu um hádegisbil ásamt tveimur öðrum mönnum og höfðu þá jafnframt haglabyssu meðferðis. Tveimur skotum var hleypt af haglabyssunni og höfnuðu þau bæði í útidyrahurð en byssan var einnig notuð til að brjóta rúðu í húsinu. Engan sakaði við þetta því heimilisfólkið hafði forðað sér út bakdyramegin áður en skotið var á húsið. Árásarmennirnir voru handteknir og slasaðist lögreglumaður við það. Haglabyssan fannst á vettvangi. Tilefni árásarinnar er talið vera uppgjör skulda. **- jss**



**SKOTÁRÁS** Einn úr skotárásarhópnum handtekinn.

NBI fer til Jónsson og Le'macks:

## Landsbankinn vill nýja ímynd

**VIÐSKIPTI Landsbankinn hefur samið við Jónsson & Le'macks um gerð auglýsinga. Bankinn var áður í viðskiptum við auglýsingastofuna Ennemm, sem gerði meðal annars verðlaunaauglýsingar fyrir Kaupþing árið 2007.**



KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

**Landsbankinn hóf viðskipti við Ennemm skömmu eftir hrun gamla bankans í október 2008. Skipti á auglýsingastofu eru í takt við aðrar breytingar innan bankans og á ímynd hans, að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa Landsbankans. Hann vísar því á bug að ágreiningur hafi komið upp. Fyrir er Íslandsbanki á meðal viðskiptavina Jónsson & Le'macks. - jab**



**ALDREI DÝRARA** Svíar borga allt að þrefalt meira fyrir hverja kílóvattstund af rafmagni en Reykvíkingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orkuverð í Svíþjóð:

## Rafmagnið aldrei dýrara

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir neytendur þurftu að greiða um tuttugu prósentum hærra verð fyrir rafmagn árið 2010 en árið 2009, að því er segir á vef sænska ríkisútvarpsins. Rafmagnið hefur aldrei kostað sænsk heimili meira.

Orkukostnaður meðalstórs einbýlishúss sem notaði raforku til lýsingar og hitunar nam um 420.000 krónum á síðasta ári.

Hæsta verð á kílóvattstund raforku til heimila í Svíþjóð var 1,52 sænskar krónur.

Það jafngildir um 26 íslenskum krónum og er nær þrefalt það verð sem heimili í Reykjavík greiða fyrir raforku, samkvæmt verðskrá á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur. Þar er uppgefið verð 9,53 krónur að meðtöldum flutningskostnaði. **- pg**

# Harður samningavetur fram undan

**Forsvarsmenn Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins telja líkur á að kjarasamningaviðræður verði erfiðar. Verkalýðshreyfingin kallar eftir hækkunum til að auka kaupmátt, en atvinnurekendur leggja áherslu á stöðugleika.**

**KJARAMÁL** Komandi kjaraviðræður milli verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda gætu orðið með þeim harðari að mati Gylfa Arnbjörnssonar, forseta Alþýðusambanda Íslands (ASÍ) og Vilhjálms Egilssonar framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins (SA).

Viðræður ASÍ og SA hófust í desember og fara brátt aftur á fulla ferð eftir jólafrí. Í samtali við Fréttablaðið segir Gylfi að ekki sé aðeins við atvinnurekendur að eiga, heldur hafi samskipti við stjórnvöld verið erfið.

Aðspurður segir Gylfi að víðtæk krafa sé um launahækkanir meðal aðildarfélaga ASÍ sökum þess að kaupmáttur hafi lækkað mikið.

„Hvergi annars staðar í OECD hefur kaupmáttur launa lækkað eins og hér og það er mjög víða krafa á almennar hækkanir sem geta skilað kaupmáttaraukningu til okkar félagsmanna. Þá er ljóst að það er áhersla á að tryggja kjarajöfnun áfram, hvað varðar launaþróun, en auðvitað er róðurinn léttari þegar verðbólga er komin niður að tveimur prósentum."

Hækkun skatta og gjalda hjá ríki og sveitarfélögum mun hins vegar flækja málin að mati Gylfa.

„Sveitarfélög hafa verið að hækka öll gjöld hjá sér og velta þannig sínum vanda yfir á launafólk, þannig að það eru eðlileg viðbrögð að fólk vilji fá hærri laun til að standa undir hækkunum."

Gylfi segist halda að viðræðurnar verði erfiðar. Hann vill þó ekki spá verkföllum í ár.

„Ég vil ekki spá fyrir um það núna, en það er víða mjög stutt í þolinmæðinni þannig að það gæti komið til þess."

Vilhjálmur Egilsson, tekur undir þá spá Gylfa að viðræðurnar gætu orðið strembnar.

„Þær gætu orðið það. Sérstaklega vegna þeirra sem telja sig vera stikkfría frá samfélaginu og krefjast tugprósenta hækkana."

Vilhjálmur segir lausnina liggja í stöðugleika á atvinnumarkaði.

„Það er ekki hægt að hækka um tugi prósenta á einum stað án þess að það hafi áhrif á eitthvað annað og við viljum því samræmda launastefnu fyrir alla hópa.

Tryggustu kjarabæturnar fást með því að fólk fari af atvinnuleysisbótum og í vinnu, en eitt af frumskilyrðunum fyrir því að skapa hagstæðar aðstæður í hagkerfinu er stöðugleiki og kjarasamningar til þriggja ára sem eru hóflegir og setja ekki allt á hliðina."

**thorgils@frettabladid.is**



**AÐ STÖRFUM** Samningar eru nú lausir hjá flestum stéttum og stefnir í harðar samningaviðræður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Sveitarfélög hafa verið að hækka öll gjöld hjá sér og velta þannig sínum vanda yfir á launafólk, þannig að það eru eðlileg viðbrögð að fólk vilji fá hærri laun til að standa undir hækkunum."
>
> **GYLFI ARNBJÖRNSSON**
> FORSETI ASÍ



**KALDUR VETUR FRAM UNDAN?** Gylfi Arnbjörnsson og Vilhjálmur Egilsson, forsvarsmenn ASÍ og Samtaka atvinnulífsins, telja strembnar samningaviðræður fram undan á komandi mánuðum.

HEILBRIGÐISMÁL

### Landspítalinn fær gjöf

Actavis hefur fært svæfingardeild Landspítala Hringbraut að gjöf speglunartæki fyrir fullorðna og börn. Í tilkynningu frá spítalanum segir að um sé að ræða speglunartæki tengt skjá sem notað er til að barkaþræða sjúklinga fyrir svæfingar.




Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfestir ólögmæti bílalánasamnings Lýsingar:

# Greiða ekki verðtryggingu af láninu

**NEYTENDAMÁL** Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti fyrri niðurstöðu Neytendastofu um að samningsskilmálar á bílasamningi hjá Lýsingu brytu að nokkru leyti gegn ákvæðum laga um neytendalán og laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í niðurstöðunni segir að þar megi helst nefna að stofnunin hafi talið skorta á upplýsingar um vexti lánsins, bæði erlendan og íslenskan hluta þess, auk þess sem stofnunin hafi talið Lýsingu þurfa að bera ábyrgð á því að félagið hafi fyrir mistök ekki greint frá því á samningnum að íslenskur hluti lánsins væri verðtryggður.

Niðurstaðan hefur áhrif á aðra samninga Lýsingar sem eins háttar til um. Ágallarnir á samningnum gera það að verkum að viðsemjandinn þarf ekki að borga verðtryggingu af innlendum hluta lánsins, vaxtaálag eða breytilega vexti, vegna þess að það gleymdist að tilgreina þessi atriði með fullnægjandi hætti í samningnum, að því er fram kemur í ákvörðun Neytendastofu.



**BÍLAR** Samkvæmt úrskurði Áfrýjunarnefndar neytendamála voru bílalánasamningar Lýsingar ólögmætir.

FRÉTTABLAÐIÐ/XXXX


SKÓLABÓKARDÆMI
UM SPARNAÐ!!!
OPIÐ 10 - 20 Í SKEIFUNNI 11
ROSA MARGIR TITLAR Á EINUM STAÐ!!!
SKIPTU BÓKUM Á MARKAÐI
749 KR
Gormabók A4, 5 stk. í pk.
49 KR
Áherslupenni gulur
99 KR
Gormabók A4, línur
855 KR
Dagbók 2011
199 KR
Bréfabindi
199 KR
Merkifánar pílur neon litir
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI

Allt að 300 grömm af gulli eru í hverju tonni af gömlum farsímum:

# Hendum 10 kílóum af gulli á ári

**TÆKNI** Auðvelt er að reikna út að Íslendingar hendi um 10 kílóum af gulli á hverju ári. Þetta gerist þegar landsmenn endurnýja farsíma sína. Andvirði þessa gulls, miðað við heimsmarkaðsverð, er um 57 milljónir króna.

Í frétt á vefsíðunni e24.no undir fyrirsögninni „Grafa eftir gulli í gömlum farsímum“ kemur fram að eftir töluverðu sé að slægjast í því sem kallað er gullgröftur í úthverfum. Við hefðbundinn gullgröft er talið gott að fá 5 grömm af gulli út úr hverju tonni af gullgrýti. Í hverju tonni af gömlum farsímum eru hins vegar allt að 300 grömm af gulli.



**FARSÍMAR** Allt að 300 grömm eru í hverju tonni af farsímum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þetta kemur fram í bók eftir prófessorinn Svein Stölen sem gefin verður út nú í mars. Í Noregi seljast um 2 milljónir farsíma á hverju ári og því auðvelt að reikna út að þeir innihalda um 60 kíló af gulli. Er þá miðað við að hver farsími sé 100 grömm að þyngd.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru áskriftir að farsímum á Íslandi tæplega 330.000 á árinu 2009. Þessi fjöldi var kominn yfir 300.000 áskriftir þegar árið 2006.

Þannig er auðvelt að reikna út að Íslendingar leggi eða hendi rúmlega 300.000 farsímum á ári en í þeim eru, miðað við útreikninga Sveins Stölen, um 10 kíló af gulli.



**SIGLT UM STRÆTIN** Lögreglan, líkt og aðrir íbúar Rockhampton, kemst ekki leiðar sinnar nema á bátum. NORDICPHOTOS / AFP

# Krókódílar og snákar svamla um göturnar

**Á annað þúsund íbúar Queensland-fylkis í Ástralíu hafast við í neyðarmiðstöðvum vegna mikilla flóða. Vatninu fylgja ýmis kvikindi. Tveir létust um helgina.**

**ÁSTRALÍA** Íbúum Rockhampton, 75 þúsund manna borgar í Queenslandfylki í Ástralíu, hefur verið ráðlagt að halda sig frá vatnselgnum sem flæðir þar um götur. Yfirvöld óttast ekki aðeins að flóðin geti hrifsað fólkið með sér, heldur stafar einnig hætta af braki, snákum og jafnvel krókódílum sem leynst geta undir yfirborðinu.

Borgarstjórinn Brad Carter segir að íbúar hafi tilkynnt um óvenjumikinn fjölda snáka í borginni, sem ferðist um í leit að þurrlendi. Þá hafi saltvatnskrókódílar gert vart við sig og erfitt sé að greina þá frá braki. „Það ætti ekki að stafa almannahætta af dýrunum ef fólk heldur sig frá vatninu, en ef fólk fer út í þá er ekki hægt að tryggja öryggi þess,“ sagði Carter við dagblaðið The Australian.

Þessu til viðbótar hafa eitraðar körtur látið á sér kræla við borgina og búist er við að moskítóflugur sem bera með sér sjúkdóma verði næstar á vettvang.

Rockhampton er ein þeirra ríflega tuttugu borga og bæja sem hafa farið hvað verst út úr flóðunum sem hófust rétt fyrir jól. Flóðin kostuðu tvö mannslíf um helgina; veiðimaður hvarf nærri bænum Gladstone, sunnan Rockhampton, og kona um fertugt drukknaði á leið sinni yfir straumharða á í norðanverðu fylkinu. Alls er talið að tíu hafi látist vegna flóða í fylkinu frá því í nóvember.

Þá þurftu ríflega þúsund manns að leita skjóls í flóttamannamiðstöðvum um helgina og hundruð til viðbótar að yfirgefa heimili sín. Útlit er fyrir að heill mánuður geti liðið þar til svæðin sem nú eru blautust verða orðin nógu þurr til að íbúar þeirra geti snúið aftur til síns heima.

Úrhellisrigning var í fylkinu fyrir jól sem orsakar vatnavextina.

**Gríðarstórt flóðasvæði**




Drjúgur hluti Queensland-fylkis í norðausturhluta landsins hefur orðið fyrir barðinu á flóðunum. Flóðin þekja stærra svæði en Frakkland og Þýskaland samanlagt.

Hápunktinum er talið hafa verið náð í gær en yfirvöld telja neyðarástandið þó hvergi nærri liðið hjá.

**stigur@frettabladid.id**

Norskur sjávarútvegur setti í fyrra enn eitt met í verðmæti útflutnings:

# Útflutningur jókst um 20 prósent

**NOREGUR** Verðmæti útfluttra sjávarafurða frá Noregi jókst sjöunda árið í röð í fyrra og nam þá um 1.100 milljörðum íslenskra króna sem er um 20 prósenta aukning frá 2009.

Frakklands- og Rússlandsmarkaðir eru stærstu útflutningsmarkaðir norsks sjávarútvegs.

„Samkeppnin á heimsmarkaði er hörð. Við verðum að nýta þau tækifæri sem liggja í því að auka verðmæti sjávarafurða okkar, þar eru miklir möguleikar,“ segir Lisbeth Berg-Hansen, sjávarútvegsráðherra Noregs, í samtali við norska Ríkisútvarpið. Alls voru flutt út 2,7 milljónir tonna af fiski, 93.000 tonnum meira en árið áður. „Þetta jafngildir því að 37 milljónir máltíða með norskum fiski séu snæddar einhvers staðar í heiminum á hverjum degi,“ segir Terje E. Martinussen, forstjóri Útflutningsráðs sjávarafurða í Noregi.

Mest jókst útflutningur á eldisfiski og hefur aldrei verið framleitt meira af honum í Noregi en á síðasta ári. Verð á eldislaxi er nú í hámarki á heimsmarkaði, hærra en verið hefur í 21 ár. **- pg**



**NOREGUR** Fiskiþorpið Henningsvær á Lófóten í Noregi hefur notið góðs af metári í norskum sjávarútvegi. MYND/AFP-NORDICPHOTOS

*Þrettándinn er á morgun*




Fagnaðu þrettándanum með BKI kaffi

*Þrettándinn er á morgun!*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Þrettándinn er 13. og síðasti dagur jóla** og þá fara ýmsir kynlegir kvistir á kreik samkvæmt þjóðtrúnni. Á þrettándanum koma álfar og huldufólk til byggða á leið sinni til nýrra bústaða og haldnar eru brennur þar sem rekast má á ýmsar verur, allt frá jólasveinum til tiginna álfa.



Blástu í sönglúðra innan um skara af álfum. Undirbúðu þig fyrir viðburðaríkt kvöld. Taktu með þér rjúkandi BKI kaffi á brúsa.

*Njóttu blysfararinnar og fáðu þér hressandi BKI kaffi með kynjaverunum.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir þrettándann***
*Kíktu á bki.is*


ALLT AÐ
65%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
NÝÁRS
TILBOÐ
BAÐINNRÉTTINGAR
69.900-
CT-95
95 x 50
WLU 125 EIK
WLU 126
VERÐ FRÁ
15.900
69.900-
WLU 06a
120x48
TONA
LIVE CONCEPT
T-730
TEKK 117 x 48
B-1000
HNOTA EÐA TEKK
140x48
VERÐ FRÁ
54.900-
90x90 sm
STURTUKLEFAR
KANNTAÐIR
VERÐ FRÁ
19.900
90x90 sm
STURTUHORN
KÖNTUÐ
MEÐ BOTNI
WC Í GÓLF EÐA VEGG
MJÚKLOKANDI SETUR
BLÖNDUNARTÆKI
VERÐ FRÁ
3.900
VERÐ FRÁ
15.900
Rýmum fyrir nýjum vörum!
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09–18 • laugardaga kl. 11 –15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is



ERT ÞÚ MEÐ GÓÐA HUGMYND SEM ÞÚ VILT KOMA Í FRAMKVÆMD Á ÁRI NÝSKÖPUNAR?

FRÆ ÁRSINS 2011

Háskólinn í Reykjavík, í samvinnu við Össur hf., Samtök iðnaðarins, Klak – nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, Landsvirkjun og Eyri Invest ehf., kallar eftir hugmyndum sem gætu orðið FRÆ ÁRSINS 2011.

Fræ ársins er útnefnt árlega, en markmið þess er að styðja við frumstig nýsköpunar með því að gefa frumkvöðlum tækifæri til að breyta hugmynd eða frumgerð í viðskiptaáætlun og sprotafyrirtæki.

Verðlaunafé er kr. 1.000.000.-, að auki fá aðstandendur þeirrar hugmyndar sem hlutskörpust verður, vinnuaðstöðu og niðurfelld skólagjöld í Viðskiptasmiðju Klaksins. Með þessu fá frumkvöðlar ekki aðeins fjárstuðning til að vinna að hugmynd sinni, heldur einnig það umhverfi, þá þjálfun og þann stuðning sem þarf til að fullgera viðskiptaáætlun og koma á fót starfandi sprotafyrirtæki.

Allir einstaklingar með lögheimili á Íslandi geta sent inn eigin hugmyndir og/eða tilnefnt hugmyndir annarra í umboði þeirra. Allar hugmyndir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

HVERJIR? – HVAÐ? – HVERNIG?

Allir einstaklingar með lögheimili á Íslandi geta sent inn eigin hugmyndir og/eða tilnefnt hugmyndir annarra í umboði þeirra. Allar hugmyndir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hugmyndin er ný
- Hugmyndin er framkvæmanleg
- Ekki hefur verið skráð fyrirtæki um hugmyndina

**Frestur til að skila inn hugmyndum er til 1. febrúar 2011.**

Nánari upplýsingar um samkeppnina og eyðublað til útfyllingar er að finna á vef Háskólans í Reykjavík, **www.hr.is/fr2011**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY · ÁR NÝSKÖPUNAR SAMTÖK IÐNAÐARINS · Landsvirkjun · klak NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS · EYRIR INVEST · ÖSSUR


## Rúmur kílómetri frá sorpbrennslu að mannabyggð






**SORPBRENNSLAN FUNI** Hún stendur í mynni Engidals. Helstu áhyggjur fólks um mengun snerta þá sem búa í Holtahverfi og á bænum Efri-Engidal. Eins er stutt í miðbæ Ísafjarðar. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Heilbrigðiseftirlitið vissi ekki af eitrinu

**Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða vissi fyrst um díoxín í útblæstri sorpbrennslunar Funa á mánudag. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með sorpbrennslu. Framkvæmdastjórinn kannast ekki við að málið hafi verið kynnt íbúum.**

**UMHVERFISMÁL** Anton Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (HV), segist engar spurnir hafa haft af mengun frá Sorpbrennslunni Funa á undanförnum árum. Hann frétti af díoxínmælingu í útblæstri Funa á mánudag þegar hann fékk sendan tölvupóst þess efnis frá Umhverfisstofnun, sem sendi HV afrit af öllum eftirlitsskýrslum með rekstri Funa frá 2005 til 2010.

„Við vissum að díoxín hefði einhvern tímann verið mælt en vissum ekki niðurstöðuna fyrr en í gær,“ segir Anton. „Við höfum alltaf talið að við værum nokkuð örugg með þessa stöð. Það er eftirbrennsla á reyknum sem á að eyða þessum þrávirku efnum. Þó að við höfum séð reykjarmistur frá stöðinni höfum við hingað til talið að stöðin væri með búnað sem tryggði að svo mengandi efni færu ekki frá henni.“

Anton útskýrir að Heilbrigðiseftirlitið fari ekki með eftirlit með sorpbrennslu. „Við förum með mengunareftirlit og matvælaeftirlit með ákveðnum fyrirtækjum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með sorpbrennslu. Síðan er ýmis önnur starfsemi sem við höfum ekki eftirlit með, til dæmis fiskimjölsverksmiðjur og stóriðja.“

Anton segir að Heilbrigðisteftirlitinu sé ekki treyst fyrir eftirliti með þeim fyrirtækjum sem helst mengi. Það komi fram í lögum og reglugerðum. Honum finnst það bagalegt og vildi hafa mun meiri aðkomu að mengunarmálum á svæðinu, þar á meðal eftirliti.

Spurður hverju það sæti að Heilbrigðiseftirlitinu voru send afrit af öllum eftirlitsskýrslum með Funa segir Anton það vera vegna þess að Umhverfisstofnun hafi yfirumsjón með Heilbrigðiseftirlitinu og samstarf sé þar á milli. Díoxínmæling Norsk Energi var gerð 15. október 2007. Niðurstöðurnar komu fram í gögnum sem bæjaryfirvöld á Ísafirði höfðu undir höndum og voru þar með heilbrigðiseftirlitinu kunn. Síðast fékk HV afrit af bréfi UST til Ísafjarðarbæjar 12. maí 2010. Tilefni bréfsins var áminning og krafa um úrbætur á sorpbrennslunni. Mælaniðurstöður á díoxíni árið 2007 voru þar ítrekaðar í sér skjali.

> Við vissum að það hefði einhvern tímann verið mælt díoxín en vissum ekki niðurstöðuna fyrr en í gær …
>
> **ANTON HELGASON**
> HEILBRIGÐISEFTIRLITI VESTFJARÐA

Spurður í ljósi þessa hvernig það hafi getað farið framhjá Heilbrigðiseftirlitinu að díoxín hafi mælst svo hátt svarar Anton að „þar sem við erum ekki með eftirlitið höfum við ekki lúslesið eftirlitsskýrslurnar. Við treystum Umhverfisstofnun til að hafa eftirlit með þeim fyrirtækjum sem hún á að hafa eftirlit með“.

Heilbrigðiseftirlitið starfar fyrir alla Vestfirði. Undanfarna daga hafa sitjandi bæjarstjóri, Daníel Jakobsson, og forveri hans, Halldór Halldórsson, sagt opinberlega að mælingar á mengun frá Funa hafi verið vel kynntar, díoxínmælingin árið 2007 þar á meðal.

Spurður hvort framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins hefði ekki átt að fá þær upplýsingar fyrstur manna segir Anton það mjög líklegt. „En eins og ég segi, ég kannast ekki við þetta.“

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er boðað á fund umhverfisnefndar Alþingis á föstudag. Hvers vegna veit Anton ekki og segir það koma í ljós. „Ég mæti bara þar.“

svavar@frettabladid.is

## Framfylgja lögum um mengunarvarnir

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögunum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

## Umhverfisstofnun og sorpbrennslan Funi í Skutulsfirði

Umhverfisstofnun hóf þvingunaraðgerðir á hendur sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði í byrjun árs 2010 þar sem losun mengandi efna, svo sem ryks og þungmálma, var samkvæmt mælingum 2009 yfir þeim mörkum sem um getur í starfsleyfinu. Mælingar hjá sorpbrennslunni árin 2005 og 2007 sýndu að losun var innan marka starfsleyfisins. Ferill málsins hvað varðar Funa af hálfu Umhverfisstofnunar á árinu 2010:

- Mælingar Umhverfisstofnunar í byrjun árs 2010 sýndu að losun efna, svo sem ryks og þungmálma, var yfir leyfilegum mörkum samkvæmt starfsleyfi.
- Funa-sorpbrennslu var sent bréf í mars um áformaða áminningu og krafa gerð um úrbætur.
- Ísafjarðarbær sendi bréf í mars þar sem tilkynnt var að ekki yrði farið út í að leggja fjármagn í endurbætur á stöðunni í ljósi þess að fara ætti í útboð með sorpmál bæjarins.
- Umhverfisstofnun veitti Funa-sorpbrennslu áminningu í maí og gaf frest til úrbóta til 1. september 2010. Jafnframt var farið fram á að Funi-sorpbrennsla léti framkvæma mælingar í byrjun september.
- Umhverfisstofnun sendi bréf 8. september þar sem tilkynnt var að stofnunin hygðist panta og láta framkvæma mælingar á kostnað Funa-sorpbrennslu, þar sem það hafði ekki verið gert að frumkvæði sorpbrennslunnar eins og farið hefði verið fram á. Mælingar fóru fram 3. desember en þær drógust vegna þess að brennsla lá niðri um tíma og tæknibúnaður hjá Nýsköpunarmiðstöð var ekki aðgengilegur.
- Umhverfisstofnun sendi Funa-sorpbrennslu bréf 16. desember þar sem tilkynnt var um áformaða sviptingu starfsleyfis, kæmi í ljós að losun efna væri enn yfir leyfilegum mörkum í mælingunni sem framkvæmd var 3. desember. Niðurstöður úr þeim mælingum eru væntanlegar í janúar.
- Fram hefur komið opinberlega að rekstri sorpbrennslunnar hefur verið hætt.

Uppfylla skal skilyrði:

## Eldri brennslur fái næstu tvö ár

Umhverfisstofnun fundaði með embættismönnum úr umhverfisráðuneytinu í gær og lagði þar fram tillögu um að eldri sorpbrennslustöðvar fengju tvö ár til þess að uppfylla skilyrði sem gilda fyrir nýjar sorpbrennslur þar sem meðal annars er tekið mið af losun díoxíns.

Umhverfisstofnun hefur unnið að því að undanförnu að auka upplýsingagjöf til almennings í samræmi við nýja upplýsingastefnu. Meðal annars verða allar eftirlitsskýrslur birtar opinberlega.

Uppfærsla á vefsvæði stofnunarinnar stendur yfir og verður þar fleiri upplýsingum miðlað en áður og með aðgengilegri hætti. Má þar nefna upplýsingar um hættuleg efni í vörum sem og mengun frá iðnaði. - shá

Eldri sorpbrennslur:

## Undanþága frá tilskipun EES

**Árið 2003 voru innleiddar hertar reglur um sorpbrennslur í gegnum EES-samninginn en undanþága fengin af hálfu íslenskra stjórnvalda fyrir eldri sorpbrennslur sem þá voru starfandi. Meðal þess sem eldri sorpbrennslum var veitt undanþága fyrir var losun díoxíns.**

**Í undanþágunum var sett skilyrði um að díoxín skyldi mælt hjá eldri sorpbrennslum. Var það gert 2007 og niðurstöður lágu fyrir 2008. Það kom í ljós að díoxín mældist verulega yfir þeim mörkum sem gilda fyrir nýjar sorpbrennslur sem tóku til starfa eftir 2003.** - shá

Díoxín á Íslandi:

## Losun mun minni en 1990

Umhverfisstofnun tók saman skýrslu árið 2010 um losun ýmissa þrávirkra lífrænna efna þar sem meðal annars kemur fram að dregið hefur úr heildarlosun díoxíns á Íslandi um 66 prósent frá 1990 til ársins 2008 og um 82 prósent í sorpbrennslu og úrgangsmeðhöndlun. Heildarlosun árið 1990 var þrefalt meiri en árið 2008.

Ástæðan fyrir því að heildarlosun hefur dregist saman er fyrst og fremst að mörgum opnum og eldri sorpbrennslum hefur verið lokað og einnig hertari reglur um sorpbrennslur, frá árinu 2003. - shá

Berst úr fæðu í menn:

## Díoxín og fúran er víða að finna

**Helsti geymslustaður díoxína og fúrana í umhverfinu er jarðvegur. Þaðan berast þau síðan inn í fæðukeðjuna og með fæðunni í menn. Talið er að yfir 90 prósent af því díoxíni og fúrani sem maðurinn fær í sig berist með fæðunni.**

**Efnin geta borist í matvæli úr umhverfinu. Þau hafa ekki áhrif á heilsu okkar samstundis, en geta valdið vandamálum ef þau berast í líkamann í talsverðu magni yfir langt tímabil. Mest fær fólk úr matvælum sem innihalda mikið af dýrafitu eins og mjólk, kjöti, fiski og eggjum (og matvælum unnum úr þeim). Þó eru þessi efni í snefilmagni í öllum matvælum.**

*Heimild: Umhverfisstofnun*

Upplýsingafundur um díoxínmengun frá sorpbrennslunni Funa á Ísafirði haldinn í gær:

# Læknar ekki fundið einkenni hjá fólki

**UMHVERFISMÁL** „Við verðum að vita hvað er í gangi í dýrunum áður en við leggjum mat á mannfólkið,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir um niðurstöður úr sýnatökum úr mjólk og fituvef dýra. Þær ákvarða hvort íbúar á Ísafirði og nágrenni verði skoðaðir sérstaklega með tilliti til díoxínmengunar. Hann er bjartsýnn á að þess gerist ekki þörf.

Haraldur sat upplýsingafund í gær með fulltrúum Umhverfis- og Matvælastofnunar, Vinnueftirlitinu og Kristínu Ólafsdóttur, líf- og eiturefnafræðingi frá HÍ. Niðurstaða þess fundar var að fyrsta skref til að kanna umfang og áhrif díoxínmengunar væri að mæla díoxínmagn í búfjárafurðum og fóðri í námunda við sorpbrennsluna.

Matvælastofnun vinnur að slíkum mælingum en vænta má niðurstaðna úr þeim í lok janúar. Samkvæmt upplýsingum umhverfisráðuneytinu hafa læknar á Ísafirði ekki orðið varir við nein einkenni hjá fólki sem rekja má til þessarar mengunar.

„Það ber ekki á neinum einkennum enda er ekki við því búist. Það má sjá á mengunarslysum erlendis að mannfólkið hefur mun meira þol gegn díoxíneitrun en dýr,“ segir Haraldur.

Hann segir að sem sóttvarnalæknir, sem komi að öllum málum sem varða lýðheilsu, líti hann díoxínmengun alvarlegum augum. Hann hvetur fólk hins vegar til þess að hafa ekki of miklar áhyggjur. - shá



HARALDUR BRIEM

ÚTSALAN
ER HAFIN!




Ísskápar




Þvottavélar




Þurrkarar




Háfar




Bakaraofnar




Uppþvottavélar

Myndir hér að ofan eru leiðbeinandi fyrir þann vöruflokk sem er á útsölu. Afsláttur er af verðlistaverði Rönning.

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hugmynd að því hvernig má halda áfram að kaupa flugelda án þess að leggja sig í hættu:

## Geit, brunnur, raketta

Flugeldaæðið sem rennur á landsmenn um hver áramót á sér bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Flestum finnst gaman að horfa á flugelda og sumum finnst gaman að hafa mikil læti og háa hvelli. Þetta flugeldabrjálæði Íslendinga er eitt af þjóðarsérkennunum og hefur vaxandi aðdráttarafl fyrir ferðamenn, svona eins og nautahátíðin í Pamplona á Spáni sem þykir víst feikna skemmtileg þrátt fyrir misþyrmingar á dýrum, mörg slys og nokkur dauðsföll í áranna rás. Síðast en ekki sízt er flugeldasalan aðaltekjulind björgunarsveitanna okkar og mörgum finnst þeim fyrir vikið bera skylda til að verja háum fjárhæðum í flugeldakaupin, jafnvel þótt þeir séu hálfvolgir í skotæðinu.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

En flugeldar eru líka stórhættulegir. Það er ekki að ástæðulausu, sem þeir falla undir vopnalögin og bannað er að nota þá eða selja 355 daga á ári. Alltof mörg dæmi eru um að fólk kunni ekki með þá að fara og um hver einustu áramót verða alvarleg slys vegna rangrar meðferðar eða gallaðra flugelda. Því miður hafa stundum orðið banaslys. Það bætir ekki úr skák að einmitt það kvöld ársins sem einna flestir eru undir áhrifum áfengis er megninu af flugeldunum skotið upp.

Þá eru ótaldir minni háttar hvimleiðir fylgifiskar sprengjuæðisins, eins og ótímabær flugeldaskot allan sólarhringinn, sturluð og týnd húsdýr, mengun, sóðaskapur og kjánaleg karlmennskukeppni fullorðinna manna sem stundum halda heilu götunum í herkví með sprengikrafti sem lítil herdeild gæti verið fullsæmd af.

Víða í nágrannalöndunum eru reglur um meðferð flugelda mun strangari en hér og öll meðferð þeirra bönnuð án sérstaks leyfis. Í Noregi hefur til dæmis verið lagt til, vegna tíðra slysa, að sala á stórum rakettum til almennings verði bönnuð en í staðinn taki sveitarfélögin að sér að efna til flottra flugeldasýninga.

Hér á landi hafa umræður um takmörkun á flugeldasölunni stundum hafizt í kjölfar flugeldaslysanna um áramót og síðan lognazt fljótlega út af. Þau rök hafa vegið þungt að björgunarsveitirnar séu háðar flugeldasölunni og svo hefur líka verið bent á að skotæðið sé menningarfyrirbrigði sem eigi rétt á sér, jafnvel þótt það kosti nokkur slys um hver áramót.

Ein leið gæti verið fær til að björgunarsveitirnar fái eftir sem áður sínar tekjur af flugeldaskothríðinni og flugeldarnir haldi áfram að gleðja augað um áramótin, en öryggið verði samt í fyrirrúmi. Það er að þeir sem vilja kaupi sér einfaldlega tertu eða rakettu sem björgunarsveitarmenn taka svo að sér að skjóta upp á gamlárskvöld, allsgáðir og af fullri fagmennsku.

Undanfarin ár hefur fólk vanizt því að gefa í jólagjafir brunna, geitur, bólusetningar og ýmislegt fleira gagnlegt, sem það fær aldrei í hendur en hjálparsamtök sjá um að koma til skila til fátækra fólks í þróunarlöndunum. Gætu ekki björgunarsveitirnar boðið upp á sambærilegan kost; að kaupa af þeim flugelda, sem þær skytu síðan upp í þágu góðs málefnis af fyrirfram ákveðnum stöðum á meðan kaupendurnir horfðu á úr öruggri fjarlægð?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna með áherslu á tal**



- **Tíu vikur - 25 þúsund**
- **Styrkt af starfsmenntasjóðum**

Þú ert velkomin/n í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt

Skráning stendur yfir alla helgina í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com
Sumarið 2011 verður boðið upp á námsferðir til Englands fyrir unglinga og fullorðna. **Nánar á enskafyriralla.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að tækla án dóms

Þjóðin hefur komist að mörgum niðurstöðum eftir hrun. Ein er sú að bankarnir hafi verið fullir af fyrrverandi íþróttamönnum sem að sínum sið espuðu hver annan upp í vitleysunni, bjuggu til liðsanda – öðru nafni hjarðeðli – og léku sér að því að snúa á þá sem áttu að hafa hemil á öllu saman. Menn voru „frekar viljugir til að þróa túlkun á reglum“ eins og innri endurskoðandi Landsbankans komst að orði í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis. „Svona eins og í fótbolta, menn reyndu að tækla án þess að vera dæmdir.“



### Bæði til varnar og sóknar

Framkvæmdastjóri samtaka fjármálafyrirtækja lýsti Sigurjóni Árnasyni þannig í skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni að hann hefði verið mikill keppnismaður og kappsfullur. Og hélt áfram: „Hreiðar Már, svona klár strákur líka og snarpur, ef maður notar eitthvað íþróttalíkingamál, og óhræddur við kýla á hlutina og þá bæði til sóknar en líka til varnar […] maður þekkti líka Bjarna Ármanns og hann auðvitað bjó líka yfir þessu keppinautablóði.“



### Ótrauður Alfreð

Flestir vonuðu að þetta heyrði sögunni til. En ekki Þýsk-íslenska viðskiptaráðið og Alfreð Gíslason. Alfreð ætlar nefnilega að halda erindi á hádegisverðarfundi ráðsins á föstudag og ræða „hvernig hægt er að nýta aðferðafræði íþrótta við rekstur fyrirtækja“. Hann mun einnig koma inn á „uppbyggingu liðsanda, leiðina að árangri, hvatningu í hóp og hvernig hægt er að halda sér á toppnum þrátt fyrir gríðarlega harða samkeppni“.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Sterk stjórn eða veik?

Stjórnmál



**Svavar Gestsson**

fyrrverandi ráðherra

Það er sagt að ríkisstjórnin sé veik. Hundrað sinnum hafa birst myndir af atkvæðaskjánum í þinginu sem sýnir þrjátíu og tvo og þrjátíu og einn. Þessar myndir líta út eins og fjárlögin hafi verið afgreidd með eins atkvæðis meirihluta. Og alls konar spóaleggir sem eru spurðir álits í fjölmiðlum tala eins og það sé kjarni málsins: Eins atkvæðis meirihluti. En þetta er rangt og aftur rangt: Fjárlögin voru afgreidd með þrjátíu og tveimur SAMHLJÓÐA atkvæðum. Þrjátíu og einn greiddi ekki atkvæði – þrjátíu og einn sat hjá. Þessi minnihluti nær ekki saman. Hann situr hjá um fjárlögin.

> Hvað eftir annað hafa ríkisstjórnir staðið knappar en þessi ríkisstjórn sem nú situr.

Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur komið öllum sínum málum í gegnum þingið. Forsetinn breytti að vísu farvegi Icesave-málsins; um það mun undirritaður fjalla síðar. En ríkisstjórnin kom Icesave-málinu í gegnum þingið með venjulegum meirihluta. Það er kjarni þess máls.

Hvað eftir annað hafa ríkisstjórnir staðið knappar en þessi ríkisstjórn sem nú situr. Stundum valt vantraust á einu atkvæði, stundum réð varaþingmaður úrslitum og tryggði stjórn meirihluta. Allar upphrópanirnar núna um tæpan þingmeirihluta eru ýktar og tilefnislausar.

Ríkisstjórnin situr og það bendir ekkert til annars en hún sitji út kjörtímabilið; það eina sem gæti breytt því er stjórnarliðið sjálft. Að það gefist upp á lokasprettinum. Enginn stjórnarliði vill þó enn láta það um sig spyrjast að hann/hún hafi stytt líf þessarar ríkisstjórnar. Sá stjórnarliði sem gefst upp við verkefnin hefur enn ekki gefið sig fram.

Verkefnin fram undan eru vissulega erfið, en léttari en áður. Það er styttra í land. Icesave-málið klárast. Matarbiðraðirnar verða að hverfa. Efnahagslífið þarf að rífa upp. Kjarasamningar þurfa að takast.

Ríkisstjórn sem kemur öllum sínum málum í gegnum þingið á tveimur erfiðustu árum lýðveldisins er sterk ríkisstjórn. Hún verður hins vegar veik ef talsmenn hennar trúa því að stjórnin sé veik. Það er heldur ekki endilega til bóta að ráðherrarnir haldi áfram að líkja þingmönnum hins stjórnarflokksins við húsdýr.

Annars lítur árið vel út.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Villuljós í orkumálum

Orkumál
Gunnlaugur H. Jónsson
eðlisfræðingur



Nýlega hafa borist fréttir af því að Landsvirkjun og Carbon Recycling International (CRI) hafi undirritað viljayfirlýsingu um að meta hagkvæmni þess að reisa metanólverksmiðju í nágrenni jarðvarmavirkjunar Landsvirkjunar við Kröflu á Norðausturlandi. Samkvæmt heimasíðu Landsvirkjunar myndi verksmiðjan hreinsa koltvísýring úr útblæstri Kröflustöðvar og breyta honum í metanól með hjálp raforku og vatns. Hugsanleg orkuþörf verksmiðjunnar er 50-60 MW og myndi hún þá framleiða 50-100 milljónir lítra af metanóli á ári með hliðsjón af þeirri framleiðsluaðferð sem yrði notuð.

Miðað við miðgildi þessara talna á að nýta 55 MW sem samsvarar um 440 GWh af raforku til þess að framleiða 75 milljónir lítra af metanóli. Það þarf því um 6 KWh af raforku til framleiðslu á hverjum lítra af metanóli. Orkuinnihald metanóls er 15,8 MJ á lítra eða með öðrum orðum eru 4,4 KWh í hverjum lítra. Spyrja má sig hverjum komi í hug að fjárfesta fyrir tugi milljarða til þess að breyta raforku í efnaorku með nýtni sem er aðeins 75% á sama tíma og 80% af raforku heimsins eru framleidd með því að brenna efnaorku, einkum jarðgas og kol. Til þess að loka hringnum má hugsa sér að flytja metanólið út þar sem það yrði brennt í raforkuveri og út kæmi um 1,5 KWh af raforku. Þannig hringavitleysa nýtist til þess að flytja út raforku með 25% nýtni og hefur þó ekki verið tekið tillit til orkunnar sem þarf til þess að flytja metanólið út. Sæstrengur væri nærtækari en metanól til útflutnings á raforku.

Spyrja má sig hvers vegna valið sé að framleiða metanól. Metanól, öðru nafni tréspíri, er eitrað alkóhól með orkuinnihald sem er aðeins um 45% af orku bensíns miðað við vikt. Fyrir utan það að vera eitrað þá er metanól mjög tærandi fyrir ál og því ekki vænlegt að brenna því í venjulegum bílvélum sem flestar eru úr áli.

> Niðurstaðan þá eins og hún hlýtur að vera nú er að ekki sé hagkvæmt að framleiða metanól á Íslandi.

Metanól er einkum framleitt úr jarðgasi og stærstu notin eru í efnaiðnaði. Það er einn hlekkur í framleiðslukeðju efnaiðnaðarins sem nýtir sér jarðgas og jarðolíu til framleiðslu á þúsundum efnavara, allt frá plasti til lyfja.

Verð á metanóli, fob Rotterdam, var að meðaltali € 254 á hvert tonn á þessu ári. Að teknu tilliti til eðlisþyngdar metanóls er verðið ISK 31 á hvern lítra. Söluverðmætið er því ISK 5,20 á hverja KWh raforku. Frá þeirri upphæð þarf að draga flutningskostnaðinn frá Kröflu til Evrópu. Hvar er samkeppnisforskot Íslands í þessum ferli?

Metan (jarðgas) er mest nýtti orkugjafinn í Evrópu og í öðru sæti í Norður-Ameríku á eftir olíu. Verð á metani, einkum í Norður-Ameríku, er aðeins brot af verði olíu. Metan er þess vegna mikilvægasta eldsneytið við raforkuframleiðslu í mörgum löndum. Metan er jafnframt í flestum tilvikum hráefnið sem notað er til framleiðslu á metanóli. Orkunýtingin við að breyta metani í metanól er mun betri en við framleiðslu á rafmagni úr metani. Af þessu sökum er það sóun á orku og verðmætum að keppa við metan með rafmagni við framleiðslu á metanóli.

Hugmyndin um framleiðslu á metanóli með rafgreiningu á vetni og koltvísýringi er ekki ný. Orkustofnun gaf út skýrslu árið 1980 sem bar heitið Framleiðsla eldsneytis á Íslandi. Þar var m.a. skoðuð sú hugmynd að framleiða metanól úr rafgreindu vetni og kolefni. Niðurstaðan þá eins og hún hlýtur að vera nú er að ekki sé hagkvæmt að framleiða metanól á Íslandi.

Í skammdeginu sækja menn í ljósið en það er villuljós að hugsa sér að breyta raforku í efnaorku á sama tíma og meirihluti rafmagns í heiminum er framleiddur með brennslu jarðefna. Bíðum róleg með frekari ákvarðanir um metanólframleiðslu þar til tilraunaverksmiðja Carbon Recycling International í Svartsengi hefur sannað sig fjárhagslega og tæknilega.

# Gunnarshólmi þýddur

Pistill
Valgarður Egilsson
læknir



Sól skein yfir landi á sumardegi og glæsti silfurbláan Eyjafjallatind gullrauðum loga seint á degi. Sú hin mikla mynd gnæfir við austur, hátt yfir sveit, og svalar björtu höfði í fagurtærri lind himinblámans. Beljandi foss hjalar við hamrabúann á hengiflugi undir jökulrótum, þar sem að Frosti og Fjalar geyma gullið, en hinum megin standa Tindafjöll föstum fótum, búin blásvörtum feldi og girð grænu belti í dalamótum. Þau horfa, með skyggnda hjálminn, líkan hvítri mjöll, yfir bláu heiðarvötnin sem falla niður fagran Rangárvöll.

Þannig lítur upphaf kvæðisins Gunnarshólma út leyst úr böndum: texti eins og upphaf á ritgerð, ekki fjarri talmáli, þó dálítið upphafinn – og líklega vekur þessi texti ekki athygli fyrir fegurðar sakir. En fegurð Gunnarshólma eins og Jónas orti, hrífur marga. Hrynjandi kvæðisins, beiting stuðla og höfuðstafa, og rímið, breyta hér öllu, gefa kvæðinu fegurð, sem óbundni textinn hefur ekki. En fyrir óbundið mál hefði Jónas auðvitað valið orðin talsvert öðruvísi en dæmið að ofan sýnir.

> Hrynjandi kvæðisins, beiting stuðla og höfuðstafa, og rímið, breyta hér öllu, gefa kvæðinu fegurð, sem óbundni textinn hefur ekki

Það má samt spyrja hvort byggingarlist málsins hafi nokkuð verið fullnýtt í ljóðagerð.

Háttur kvæðisins færir því hrynjandi, næstum söng.

Er nokkur að tala um þjálfun brageyrans? Eða varðveislu menningararfs?

Ljóðsmíð hafa mest iðkað menn ættaðir úr Borgarfirði / Breiðafirði. Aðrir rekja sig helst til Eyjafjarðar, þar á meðal Jónas Hallgrímsson náttúrufræðingur og skáld; hann þýddi líka kennslubók í bringusundi sem gefin var út árið 1836. Fyrir Jónasi var mikilvæg lífsnautnin frjóva.





25%
AFSLÁTTUR

Miele Tango Plus
Vinsælasta ryksugan frá Miele
Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

Tilboð kr.: 24.900
Verðlistaverð kr.: 33.200

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
vísir.is



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
Súperform
Herþjálfun
Peak Pilates
Lífstíll 20+
World Class ICELAND
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**TÓMAS GUÐMUNDSSON** skáld (1901-1983) fæddist þennan dag.

*„Menn geta dottið án þess að þekkja þyngdarlögmálið."*



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðlaug Sigríður Jónsdóttir**

fv. borðstofuráðskona á Landspítala, Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á Skjóli sunnudaginn 2. janúar. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 10. janúar kl. 15.00.

**Jón Sigurjónsson** **Kristrún Sigurðardóttir**
**Svala Sigurjónsdóttir** **Lárus Örn Óskarsson**
**Björn Ágúst Sigurjónsson** **Vilborg Anna Jóhannesdóttir**
**börn og barnabörn.**



†

*Eiginmaður minn elskulegur, okkar góði faðir, bróðir og mágur,*

**Brjánn Árni Ólason**

fyrrv. sjómaður, Lindasmára 7, Kópavogi,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans á gamlársdag. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 6. janúar kl. 15.

**Valdís (Dísa) Þórðardóttir**
**Jón Hjörtur Brjánsson**
**Gunnar Óli Dagmararson**
**Árni Ólason**
**Margrét Valgerðardóttir** **Leifur Aðalsteinsson**
**Ragnheiður Helga Óladóttir** **Elías Sveinsson**
**Hermann Ólason**
**Guðrún Kr. Óladóttir** **Björn Valdimar Gunnarsson**
**Hrólfur Ólason**



†

*Minningarathöfn um ástkæran föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Björn Jónsson**

frá Geitavík Borgarfirði eystri,

verður í Fossvogskapellu fimmtudaginn 6. janúar kl. 11.00. Jarðsungið verður frá Bakkagerðiskirkju Borgarfirði eystri laugardaginn 8. janúar kl. 14.00.

**Jón Björnsson** **Guðlaug Kristjánsdóttir Kröyer**
**Svavar Halldór Björnsson** **Líneik Haraldsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir** **Gunnar Guðjónsson**
**Birgir Björnsson**
**Axel Andrés Björnsson** **Lilja Kristín Einarsdóttir**
**Þorbjörn Bjartmar Björnsson** **Jóhanna Eydís Vigfúsdóttir**
**Geirlaug Gunnfríður Björnsdóttir** **Ólafur Jakobsson**
**Ásdís Björnsdóttir** **Arnar Margeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Dóróthea Antonsdóttir**

frá Vík í Mýrdal,

sem lést laugardaginn 1. janúar, verður jarðsungin frá Stórólfshvolskirkju, Hvolsvelli, föstudaginn 7. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjargarheimilið Hátúni 12.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Charlotte Guðlaugsson**
**Anton Karl Þorsteinsson** **Hanna Valdís Garðarsdóttir**
**Helga Þorsteinsdóttir** **Baldur Þór Bjarnason**
**Þorbjörg Sif Þorsteinsdóttir** **Hreimur Örn Heimisson**
**og barnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST: 5. JANÚAR 2010**

## Forsetinn synjar lögum um Icesave



Ár er liðið frá því forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, synjaði lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinga staðfestingar. Hann kvaðst vonast til að synjunin leiddi til varanlegra sátta og farsældar fyrir Íslendinga um leið og hún legði grunn að góðri sambúð við allar þjóðir. Sagði hann skoðanakannanir, undirskriftir og áskoranir frá þingmönnum meðal annars hafa haft áhrif á ákvörðunina. Þá sagði hann þjóðaratkvæðagreiðslu forsendu farsællar lausnar, sátta og endurreisnar.

Stjórnmálamenn í Bretlandi og Hollandi voru harðorðir í garð Íslendinga þegar ákvörðun forsetans varð ljós.

Ríkisstjórnin lýsti vonbrigðum með ákvörðunina og óttaðist að hún kynni að setja endurreisn Íslands í uppnám.




**HEFUR FEST SIG Í SESSI** Orðið gagnaeyðing kom inn í málið með tilkomu fyrirtækisins fyrir tuttugu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GAGNAEYÐING:** FAGNAR TUTTUGU ÁRA AFMÆLI MEÐ LJÓSMYNDASÝNINGU

# Tæta heilu tölvurnar niður

Tuttugu ár eru síðan Gagnaeyðing hóf starfsemi í bakhúsi í Ármúlanum en fyrirtækið var það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. „Það tók fyrsta árið að koma viðskiptunum vel af stað enda þurfti að ganga á milli manna og sannfæra þá um að það væri í lagi að senda trúnaðargögn til eyðingar. Þegar viðskiptin fóru að glæðast þurftum við hins vegar fljótt að stækka við okkur," segir Rúnar Már Sverrisson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, beðinn um að rifja upp fyrstu árin og heldur áfram: „Við fluttum okkur inn í Skútuvog 13 og byggðum upp aðstöðu sem við töldum að væri góð til framtíðar. Við þurftum hins vegar að þreifa okkur áfram með búnað, sem var erfitt fyrir ungt fyrirtæki, og má segja að það hafi tekið okkur tíu ár að ná jafnvægi á markaði. Í dag er starfsemin til húsa að Bæjarflöt 4. Húsnæðið er innréttað þannig að það uppfyllir kröfur NAID-samtakanna og fékk vinnuferlið og aðstaðan vottun þeirra árið 2008."

En hvers vegna ákveður fólk að senda gögn til eyðingar? „Í langflestum tilfellum er það magnið sem verður til þess að fólk ákveður að nýta þjónustu okkar, enda reynist tímafrekt að setja mikið magn í litla tætara. Þá vill fólk að hlutirnir séu afgreiddir með endanlegum hætti, sem það getur gengið að sem vísu hjá okkur." Rúnar Már tekur dæmi: „Ef fólk vill losna við harðan disk og efnið inni á honum er ekki endilega nóg að ýta á delete. Við tætum slíka hluti í heilu lagi og á það sama við um tölvur, ljósritunarvélar og annað í þeim dúr. Í raun tökum við að okkur að eyða öllu sem hefur að geyma einhverjar upplýsingar og geta það verið farsímar, segulbönd, filmur, teikningar og ýmislegt annað. Þá tökum við að okkur að eyða öðrum verðmætum og jafnvel húsgögnum sem fólk vill ekki að fari í umferð."

Níutíu og sex prósent af því efni sem kemur til gagnaeyðingar eru endurunnin og er allur pappír tættur niður, settur í innsiglaða gáma og fluttur til endurvinnslu á erlendri grund. Málmar og önnur efni eru sömuleiðis endurnýtt.

Rúnar Már segir fyrirtækið þjóna öllum geirum samfélagsins og margir nýti sér reglubundna þjónustu. „Hjá mörgum fyrirtækjum er það ekki lengur tilfallandi aðgerð að senda gögn til eyðingar heldur er það orðið reglulegur hluti af starfseminni."

Í tilefni afmælisins verður ljósmyndasýning opnuð í húsakynnum Gagnaeyðingar í dag. „Við fengum listakonuna Önnu Maríu Sigurjónsdóttur í lið með okkur til að gera ýmiss konar listaverk úr munum sem búið var að farga. Á sýningunni eru ljósmyndir af verkunum sem varpa ljósi á fjölbreytnina í því sem við erum að gera," segir Rúnar. Sýningin mun standa opin út afmælisárið.

vera@frettabladid.is



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Olga Guðmundsdóttir**

Njarðarvöllum 6 Njarðvík, áður Smáratúni 9 Keflavík

lést á Landspítalanum Fossvogi, 1. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 7. janúar kl:13:00.

**Árni Guðgeirsson**
**Erna Árnadóttir** **Þorsteinn Geirharðsson**
**Guðgeir Smári Árnason** **Rebekka Jóna Ragnarsdóttir**
**Halldóra Ásgeirsdóttir**
**Þröstur Árnason** **Victoria Solodovnychenko**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristrún Sigurrós Á. Lund**

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 29. desember. Jarðsungið verður frá Landakotskirkju, föstudaginn 7. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Hrafnistu eða kaþólsku kirkjunnar.

**Stefán Lund**
**Gunnar Lund**
**Marianne Hamlin**
**Lucia Lund** **Ragnar Helgi Róbertsson**
**Thorben Lund** **Marion Herrera**



**Haraldur Magnússon** osteópati heldur erindið „Mataræði mannsins, það sem hefur ávallt virkað“ í Manni lifandi við Borgartún 11. janúar. Þar fjallar Haraldur meðal annars um grundvallaratriði heilbrigðs mataræðis. Allar nánari upplýsingar á vefsíðunni www.madurlifandi.is.














**Hjónin Stefanía Skarphéðinsdóttir og Aðalsteinn Sveinsson fóru í ævintýralega gönguferð í Nepal.**

# Brúðkaupsafmæli í 5.000 metra hæð



Þetta var stórkostleg upplifun. Alveg óviðjafnanlegt að standa þarna uppi á hæstu tindum og horfa á fegurðina allt um kring,“ segir Stefanía Skarphéðinsdóttir, sem skellti sér ásamt eiginmanni sínum, Aðalsteini Sveinssyni, í ævintýralega gönguferð í Nepal á dögunum.

Stefanía og Aðalsteinn höfðu lengi haft augastað á Nepal og ákváðu að grípa tækifærið þegar þau sáu auglýsta þangað ferð á vegum bresku ferðaskrifstofunnar Exodus. „Boðið var upp á gönguferð í fimmtán manna hópi með fararstjórn í Sagarmatha-þjóðgarðinum, friðlandi umhverfis Everest og við slógum bara til,“ lýsir Stefanía en þau Aðalsteinn voru einu Íslendingarnir í hópnum. Hitt voru Bretar sem tóku hjónunum vel, matreiðslumenn og innfæddir sem báru farangurinn.

Hópurinn ferðaðist yfir tæpa 200 kílómetra um þjóðgarðinn á samfleytt átján dögum. Á leiðinni gengu ferðalangarnir meðal annars yfir þrjú þekkt fjallaskörð, Kongma La, Cho La og Renjo La og á fjöll sem eru í yfir 5.000 metra hæð. Þeirra á meðal Kala Pattar sem er 5.645 metrar og álitinn vera besti útsýnisstaðurinn yfir Everest. Víða var nöturlegt um að litast og oft fór hitastigið niður fyrir frostmark. „Það gat orðið sérstaklega kalt á nóttunni þegar við sváfum í tjöldum í allt að 10 stiga frosti; þá kom sér sko vel að vera með íslenskan ullarfatnað,“ segir Stefanína og viðurkennir að oft hafi ferðalagið tekið verulega á. „Maður getur orðið mjög þreklítill eftir að hafa gengið lengi í mikilli hæð, enda veiktust velflest okkar á einhverjum tímapunkti í ferðinni.“


;HEILSA | 3





**GB ferðir** bjóða í vor upp á ferðir á golfhótel í London, Manchester, Liverpool, Edinborg og Wales. Ferðatímabilið er frá mars til júní. Hægt er að afla sér allar frekari upplýsinga og bóka ferðir á vefsíðu GB ferða, www.gb.ferdir.is.










Umhverfisvænni bílar munu lækka í verði vegna breyttra innflutningsgjalda. Þeir hafa lengi staðið bensínhákunum langt að baki er kemur að akstursegiginleikum, en þetta er liðin tíð og er nú enginn eðlismunur á að keyra tvinnbíl og bíl með bensínvél. Þriðja kynslóð Toyota Prius er gott dæmi um þetta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gjöld lækka á vistvænum bílum

**Ný gjaldskrá yfir innflutnings- og bifreiðagjöld tók gildi 1. janúar. Hætt verður að miða við þyngd og vélarstærð heldur verður horft til útblásturs koltvísýrings, sem á að ýta undir notkun vistvænni bíla.**

Frá og með 1. janúar ræðst það af magni útblásturs koltvísýrings ($CO_2$), ekki vélarstærð, hversu hátt vörugjald á bifreið er. Um grundvallarbreytingu er að ræða og vonast stjórnvöld til að hún verði til þess að innflutningur á umhverfisvænum bílum aukist á kostnað bensínhákanna.

Um tíu gjaldflokka er að ræða og hækkar vörugjaldið eftir því sem bíllinn gefur frá sér meira $CO_2$. Ekkert vörugjald er lagt á bifreiðar sem skila frá sér minna en 80 grömmum af $CO_2$ á hvern ekinn kílómetra, en rafmagns- og vetnisbílar falla í þennan flokk, svo dæmi séu tekin. Í næsta flokki þar fyrir ofan eru bílar sem skila á bilinu 80 til 100 g $CO_2$/km og er lagt á þá tíu prósenta vörugjald. Þannig gengur þetta koll af kolli uns að dýrasta flokknum er komið en í honum eru bílar sem losa yfir 250 g $CO_2$/km. Í ár verða gjöldin á þá 52 prósent, 59 prósent árið 2012 og loks 65 prósent frá og með 2013.

Þetta þýðir að sumir bílar lækka í verði á meðan aðrir hækka. Hummer-jeppar koma til dæmis til með að verða dýrari, og þarf það ekki að koma nokkrum á óvart. Tvinnbílar, eins og Toyota Prius, og smáir dísilbílar lækka aftur á móti í verði. Gert er ráð fyrir tveggja ára aðlögunartímabili með afslætti á útblástursfrekari bíla og taka breytingarnar ekki gildi að fullu fyrr en árið 2013.

Bifreiðagjöld verða innheimt eftir sama fyrirkomulagi, og miðast einnig við útblástur koltvísýrings. Enn og aftur koma sparneytnari bílar betur út, en ljóst er að breytingin getur reynst byggingariðnaðinum erfið, sem og öðrum atvinnugreinum sem treysta á þungavinnuvélar og stærri bíla.

Hægt er að nálgast upplýsingar um breytta gjaldskrá á www.fib.is.

*tryggvi@frettabladid.is*






Fyrsti bíllinn kom til Íslands árið 1904. Kaupmaðurinn Ditlev Thomsen flutti þýska bifreið af gerðinni Cudell til að sannreyna hvort mótorvagnar kæmu hér að gagni. Hann var þá þegar nokkurra ára gamall og úreltur að sumra mati. Bíllinn reyndist illa og var sendur til Danmerkur árið 1908.



visindavefur.is





**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905





# skólar & námskeið

MIÐVIKUDAGUR 5. JANÚAR 2011




NORDICPHOTOS/GETTY


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

## NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2011

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA

**Íslenska fyrir útlendinga I - IV**
10 vikna námskeið
60 kennslustundir

**Icelandic for foreigners I - IV**
10 weeks courses
60 class hours

**Kurs jezyka islandzkiego dla obcokrajowcow I - IV**
Kurs10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

**Verklegar greinar**
Að gera upp gömul húsgögn
Bókband
Frístundamálun
Silfursmíði
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

**Saumanámskeið**
Fatasaumur/ Barnafatasaumur
Skrautsaumur
Baldering
Skattering
Þjóðbúningur - saumaður

**Tölvunámskeið**
Fingrasetning
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám II
Að nota internetið og tölvupóst
FACEBOOk fyrir þig
Verslað á netinu

**Matreiðslunámskeið**
Gómsætir bauna – pasta – og grænmetisréttir
Frönsk matargerð heimilismatur með suðrænu ívafi
Hráfæði
Ítölsk matargerð
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn

**Garðyrkjunámskeið**
Garðurinn allt árið
Trjáklippingar
Trjárækt í sumarbústaðalandinu

**Förðunarnámskeið**
Förðunarnámskeið
Að farða sig og aðra

**Prjón og Hekl**
Prjónanámskeið
Frágangur á prjóni
Hekl

*Innritun og upplýsingar:* **http://kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507**



**● REKSTRARNÁM Í FJARNÁMI** Háskólinn á Bifröst býður upp á rekstrarnám í fjarnámi fyrir konur á 11 vikna námskeiði sem hefst með vinnuhelgi á Bifröst, 25.-26. febrúar. Námskeiðið kallast Máttur kvenna og kennsla fer eftir það fram í fjarnámi, með fyrirlestrum á netinu og verkefni sem hægt er að vinna heiman frá þegar hentar. Náminu lýkur svo með annarri vinnuhelgi og útskrift. Engar sérstakar forkröfur eru gerðar fyrir námið en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Háskólans á Bifröst, bifrost.is. *- jma*

**●NÝJUNGAR HJÁ OPNA HÁSKÓLANUM** „Þrjár nýjar námslínur verða í boði hjá Opna háskólanum núna strax í janúar. Viðskipti um vefinn er ætlað frumkvöðlum sem vilja nýta þau sóknarfæri sem liggja á netinu, ekki bara sem markaðstæki heldur einnig til viðskipta,“ útskýrir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Opna háskólans. Á námskeiðinu verða kenndir tæknilegir þættir og hönnun sem og markaðssetning, rekstur og stjórnun.



„Önnur ný námslína heitir Lífsviðhorf, lífsstíll og lífsgæði. Hún byggir á rannsóknum Gallup á því hvað gerir það að verkum að fólk nær árangri, er sátt og býr við lífsgæði. Þessir þættir snúa að lifnaðarháttum okkar, samskiptum, andlegri og líkamlegri vellíðan, atvinnu og tómstundum, fjárhagslegu öryggi og samfélagslegri ábyrgð. Á námskeiðinu fær hver og einn þátttakandi tíma með markþjálfa. Einnig bjóðum við upp á öflugt nám að alþjóðlegri fyrirmynd, ætlað millistjórnendum og tekur á alhliða færni á sviði markaðsmála, fjármála, starfsmannamála og forystu og að lokum verður í boði námsbraut í rekstrarstjórnun á háskólastigi, ætluð stjórnendum í millistórum framleiðslu- og iðnaðarfyrirtækjum sem vilja bæta við sig háskólaeiningum.“ Nánari upplýsingar er að finna á www.opnihaskolinn.is.

# Menntun Íslendinga undir meðaltali OECD

**Menntunarstaða Íslendinga er lakari en að meðaltali innan OECD-ríkjanna og mun verri en á hinum Norðurlöndunum. Hún fer þó batnandi.**



Tæp sjötíu prósent Íslendinga á aldrinum 25 til 34 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi, sem er ellefu prósentum undir meðaltali OECD-landa.

NORDICPHOTOS/GETTY

Menntunarstaða Íslendinga er verri en að meðaltali innan OECD-ríkjanna og enn verri en í hinum Norðurlöndunum, að því er kemur fram í nýrri skýrslu OECD um menntamál sem birtist í haust. Samkvæmt henni er ljóst að fleiri ljúka ekki prófi eftir grunnskóla og færri ljúka prófi á bæði framhalds- og háskólastigi á Íslandi en á Norðurlöndunum. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að staðan hefur batnað á síðustu tíu árum.

Skýrslan sem ber heitið Education at a Glance hefur verið gefin út árlega síðan 1996 en hún nær til 33 aðildarlanda OECD. Íslendingar hafa tekið þátt frá upphafi og byggja íslensku tölurnar á gögnum frá Hagstofu Íslands. „Skýrslan nær til fjölmargra þátta en flestir hafa áhuga á að bera saman menntunarstöðu á milli landa en hún gefur til kynna hversu stór hluti fólks á aldrinum 25-64 ára, eða á svo kölluðum vinnumarkaðsaldri, hefur lokið prófi á grunn- framhalds- og háskólastigi,“ segir Gunnar Árnason, sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu.

Við samanburðinn miðar OECD við hlutfall þeirra sem hafa að minnsta kosti lokið framhaldsskólaprófi á aldursbilinu 25-34 ára. Hlutfallið á Íslandi var 69 prósent árið 2008 sem er 11% undir meðaltali OECD-landa. Þegar löndunum er raðað upp eftir árangri lendir Ísland í 29. sæti. Þau lönd sem lenda í næstu sætum fyrir neðan Ísland eru Ítalía og Spánn en Grikkland er í næsta sæti fyrir ofan með 6% hærra hlutfall.

Gunnar segir skýrsluna afar viðamikla og að Ísland komi misjafnlega út eftir því við hvað er miðað. „Okkar nemendur eru til dæmis oftar eldri í framhalds- og háskólum. Við virðumst taka lengri tíma í námið og koma jafnvel aftur inn í nám eftir 25 ára aldur sem er sjaldgæfara í samanburðarlöndunum og á það sérstaklega við um starfsnámið.



Gunnar segir skýrslu OECD afar viðamikla og að Ísland komi misjafnlega út eftir því við hvað er miðað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þrátt fyrir að Ísland komi illa út í samanburði við önnur lönd hefur staðan sem fyrr segir batnað. Árið 2008 hafði 31 prósent Íslendinga á aldrinum 25-64 ára lokið háskólaprófi, 33 prósent lokið framhaldsskólaprófi og 36 prósent ekki lokið framhaldsskóla. Árið 1998 höfðu hins vegar einungis 21 prósent lokið háskólaprófi, 34 prósent framhaldsskólaprófi og 45 prósent ekki lokið framhaldsskóla. Skýrslan gefur hins vegar til kynna að munur á menntunarstöðu kynjanna sé meiri hér en víða annars staðar og er sá munur körlum í óhag í yngri aldursflokkum. Munur á meðaltekjum háskólamenntaðra karla og kvenna er auk þess meiri hér á landi en í því sambandi hallar á konur.

Gunnar segir skýrsluhöfunda hafa það að markmiði að kanna hvaða áhrif menntun hefur á efnahag ríkja og hver ávinningur einstaklinga og samfélags sé af menntun. „Þeir varpa ljósi á hversu vel fjárfesting í menntun skilar sér út í hagkerfið en beina síður sjónum að gæðum menntunar eða skólastarfs.“ *- ve*




**býður upp á skemmtilegt listnám fyrir alla aldurshópa**

» **10 vikna** barnanámskeið

» **8 vikna** fullorðinsnámskeið

NÝTT » **„Út frá þér“**, 10 vikna unglinganámskeið

NÝTT » **„Skapandi samvera“**, listræn upplifunarnámskeið fyrir foreldra og börn (4–8 ára)

Kennt er í Engjaskóla v/Vallengi (neðan við Borgarholtsskóla)

**Námskeið hefjast 17. janúar.**

Innritun í síma 698-1998 og 567-6550 (Ingibjörg): Frekari uppl. á myndlistarskoligrafarvogs.is og myndlistarskoligrafarvogs@gmail.com

# Lífsleikni og farsæld

Lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld er ný námsleið til M.Ed. eða MA-prófs í Háskóla Íslands á næstu önn. Sömuleiðis önnur sem ber titilinn Lýðræði, jafnrétti og fjölmenning. Báðar leiðirnar tilheyra uppeldis-og menntunarfræðideild HÍ.

Á hugvísindasviði HÍ má nefna nýtt þverfræðilegt nám til MA-prófs sem nefnist Menning, bókmenntir og miðlun.

Til doktorsprófs (180 eininga rannsóknarnáms) eru nýjungarnar fólgnar í annarsmálsfræðum, dönsku, frönsku, spænsku og þýsku. Ritlist til meistaraprófs er nýjung líka, svo og skjalfræði sem er aukagrein á BA-stigi.

Nokkrar nýjar námsleiðir voru í boði við Háskóla Íslands í haust. Má þar nefna meistaranám í talmeinafræði, kennslufræði framhaldsskóla, Norðurlandafræði, nytjaþýðingar, ráðstefnutúlkun og menningarfræði (í samstarfi við Háskólann á Bifröst.)

Að sögn Sveins Klausen, ritstjóra Kennsluskrár Háskóla Íslands er ekki öruggt að kennsla hefjist í öllum þeim greinum sem ráðgerðar eru kennsluárið 2011-2012, sökum lakrar fjárhagsstöðu skólans. Hann telur að í mörgum tilvikum víki eldri námsleiðir fyrir nýjum og í heildina megi reikna með að námsframboð dragist saman.



Í mörgum tilvikum víkja eldri námsleiðir fyrir nýjum í Háskóla Íslands og reikna má með að námsframboð dragist saman vegna bágrar fjárhagsstöðu nú um stundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Forskot á nýju ári

## með MindManager






**NÁMSKEIÐSDAGSKRÁ:**

**FORSKOT OG FRAMI Í NÁMI**
Ætlað framhalds- og háskólanemum.
NÝJUNG
**kl. 17.00–19.00**
13. jan 24. febrúar
18. jan

**Helstu námskeiðsþættir:**
- Skipulagning náms
- Glósutækni
- Ritgerðasmíð

**Hvað er MindManager? ÓKEYPIS KYNNING**
**kl. 9.00–10.00**
14. janúer
2. febrúar
11. mars

**MindManager HRAÐFERÐ**
**kl. 9.00–17.00**
20. janúar
23. febrúar
Forkröfur:
Að vera vel tölvufær

**MindManager GRUNNUR + FRAMHALD**
**kl. 9.00–13.00**
8.-9. febrúar
15.-16. mars

**HELSTU NÁMSKEIÐSÞÆTTIR**



- Hugarflug
- Grunnæfingar
- Tölulegar upplýsingar
- Gerð skipurita
- Fundarstjórnun
- Ritgerðasmíð og skýrslugerð
- Verkefnastjórnun og skipulagning
- Samspil Outlook og MindManager
- Kynningar
- Stjórnun upplýsinga

**LEIÐBEINENDUR:**


Elín Þ. Þorsteinsdóttir


Sigrún Stefánsdóttir


Einar Trausti Einarsson

Verkefnalausnir

**Hlíðasmára 2 • 201 Kópavogi • Sími 565 7272 • www.verkefnalausnir.is**

# Úthlutunarreglur LÍN úrskurðaðar ólöglegar

**Í úrskurði máls laganema gegn LÍN vekur athygli að úthlutunarreglur buðu upp á mismunun námsmanna til margra ára.**

„Ég varð fyrir misrétti og brotið var á lögvörðum hagsmunum mínum, en eftir stend ég sem sigurvegari, vonandi öðrum til hagsbóta,“ segir Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir, laganemi við Háskólann í Reykjavík. Nýverið var úrskurðað í máli Þorbjargar gegn Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) eftir að hún kærði synjun um námslán á grundvelli ólöglegra úthlutunarreglna.

„Eftir nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands hóf ég meistaranám í lögfræði, og fékk námslán fyrir hvoru tveggja. Meistaragráða ein og sér veitir ekki lögmannsréttindi, svo ég sótti um grunnnám til BA-prófs í lögfræði en var þá synjað um námslán þrátt fyrir að skólakerfið byði upp á þessa leið. Hefði ég farið hina leiðina, byrjað á grunnnámi og síðan farið í meistaranám, hefði ég umsvifalaust fengið námslán,“ segir Þorbjörg sem ákvað að halda sínu striki og fara í grunnnám, en til þess þurfti hún að segja upp leiguíbúð, auka við sig vinnu og flytja aftur inn á foreldra sína.

„Ég lagðist yfir úthlutunarreglur LÍN og komst að því að þær standast ekki lög sem kveða á um að allir eigi sama rétt til námslána. Því kærði ég synjunina og fékk úrskurðað að reglurnar brjóti á lögvörðum rétti námsmanna og standist hvorki reglugerðir né lög. Þannig er stjórn LÍN ekki stætt á að setja reglur sem skerða réttindi námsmanna, án þess að þær hafi stoð í lögum,“ segir Þorbjörg sem eftir úrskurðinn fékk námslán sín greidd aftur í tímann.

„Þetta órétti hefur viðgengist árum saman og margir sem fengið hafa synjanir á grundvelli úthlutunarreglna sem standast ekki lög. Því þarf nú að endurskoða þær í samræmi við lög og reglugerðir,“ segir Þorbjörg sem í máli sínu vísaði á samnemanda sinn í hjúkrunarfræði sem fór beint í grunnnám lögfræði og síðan í meistaranám, en þær nutu ekki sömu lánaréttinda hjá LÍN þar sem samnemandinn fékk námslán allan tímann.

„Synjunin var því ómálefnaleg og stenst ekki jafnræðisreglur stjórnsýslulaga. Synjanir um námslán geta breytt áformum einstaklinga á þann veg að viðkomandi þurfi að hætta námi. Það er slæmt, ekki síst nú þegar margir eru á atvinnuleysisbótum og kerfið ætti að hvetja fólk til náms.


Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir nemandi í lagadeild Háskólans í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þarna eru hagsmunir í húfi fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að klára sitt nám og fá starfsréttindi, en í reglunum eru allskyns hindranir og þröskuldar sem samræmast ekki leiðum sem skólakerfið býður upp á í dag.“

Guðrún Ragnarsdóttir er framkvæmdastjóri LÍN, en stofnunin bíður nú endanlegrar ákvarðanatöku frá menntamálaráðuneytinu.

„Úthlutunarreglur síðustu tveggja áratuga hafa verið á þann veg að námslán eru veitt til fimm ára burtséð frá á hvaða námsstigi háskólanám er. Svo er hægt að sækja um önnur fimm ár fyrir framhaldsnám og var synjunin byggð á þeim reglum,“ segir Guðrún og útskýrir að málið snúist um lög, og svo reglugerðir og úthlutunarreglur LÍN, sem eru jafnvígar lagalega séð því bæði séu undirritaðar af ráðherra.

„En svo kom í ljós, öllum að óvörum, að misræmi var í reglugerð og lögum LÍN, og þá nýtur borgarinn vafans, eins í ofangreindu tilfelli; jafnvel þótt vilji löggjafans og ráðuneytisins sé að túlkunin verði áfram á þann hátt sem verið hefur og nú sé verið að ljúka endurskoðun reglugerðarinnar þar sem hnykkt verður á þeim reglum og skilningi sem verið hefur til framkvæmda til þessa,“ segir Guðrún sem enn hefur ekki endanlega reglugerð ráðuneytisins í höndum, svo enn getur brugðið til beggja vona fyrir námsmenn í sömu stöðu og Þorbjörg var. „En eftir úrskurðinn hefur verið vilji allra aðila að framkvæmd síðustu áratuga verði staðfest, þótt seinna komi til greina að endurskoða úthlutunarreglurnar.“

Hefði umrætt ósamræmi ekki verið til staðar á milli reglugerðar og laga hefði Þorbjörg Inga ekki unnið mál sitt gegn LÍN.

„Okkur þykir eðlilegast að samræma reglugerð við framkvæmd til að tryggja jafnræði og sanngirni gagnvart öðrum nemendum sem hafa fengið synjun á sambærileg mál. Erfitt er að segja hversu marga ósamræmið hefur snert og hversu afdráttarmikil áhrif það hefur haft á þeirra ákvarðanatöku, en þeir eru klárlega einhverjir og vissulega mun staðfesting ráðuneytisins á vinnubrögðum LÍN koma í veg fyrir að þeir geti tekið upp þráðinn aftur.“

- þlg



Tjútt
Salsa
Break
Mambó
Hiphop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Michael Jackson dansar
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645




Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@dansskoli.is



„Okkur fannst tilvalið að taka til skoðunar þá hugmyndafræði sem býr að baki stjórnarskrám,“ segir Hafsteinn Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rýnt í stjórnarskrána

Kastljósinu verður beint að stjórnarskrám ríkja, meðal annars þess íslenska á nýju fjögurra kvölda námskeiði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands sem hefst 31. janúar. Kennari er Hafsteinn Þór Hauksson lektor sem nýlega stundaði nám í Bandaríkjunum um stjórnarskrár og stjórnskipun ríkja.

„Nú er nokkuð ætlast til þess af íslenskum almenningi að hann taki afstöðu til þess hvort eigi að breyta stjórnarskrá Íslands og þá hvernig og verið er að kalla saman stjórnlagaþing sem er skipað fólki sem á að vera þverskurður af þjóðinni. Því fannst okkur tilvalið að taka til skoðunar þá hugmyndafræði sem býr að baki stjórnarskrám yfirleitt og átta okkur á því hvað núgildandi stjórnarskrá Íslands felur í sér, hvaða gildi stendur hún vörð um og hvernig hefur hún reynst,“ segir hann og bætir við. „Þá erum við betur í stakk búin til að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að breyta henni og þá hvernig.“

Hafsteinn Þór segir stjórnarskrár eiga upptök sín í byltingum í Bandaríkjunum og Frakklandi í lok átjándu aldar.

„Þó hugmyndin hafi farið algera sigurför um heiminn og stjórnarskrár séu að dreifast um allt þá eru líka sterk dæmi um ríki sem ekki hafa stjórnarskrá,“ segir hann og bendir á Breta sem dæmi um þjóð með enga stjórnarskrá, þó þeir styðjist við ákveðnar stjórnskipunarvenjur.

- gun

BEAUTY WORLD

# Fræðsla-Heilbrigði-Fegurð

www.beautyworld.is




## Make up skóli Beautyworld.

**Skólinn hefst 7. febrúar nk.**

**Hvert námskeið er 14 vikur.**

**Kennt verður á hinar frábæru Bobbi Brown förðunarvörur**

**Kennt 4 daga í viku mánudaga-fimmtudaga, 4 tíma í senn**

**Morgun og kvöld hópar**

**Skólinn kostar 429,900 krónur. Innifalinn er glæsilegur vörupakki ásamt airbrush vörum.**

**Skólastjóri skólans er Eygló Ólöf Birgisdóttir förðunarmeistari.**

**Tekið er við umsóknum í skólann í síma 510-8080 eða á skoli@beautyworld.is**

MAGNETIC



## Magnetic Naglaskólinn

### Kringlunni 1

**Frábært nám**

**Frábær kennsla**

**Frábærar vörur**

**Skólinn kostar 329,900 krónur. Innifalið eru námsgögn og glæsilegur vörupakki**

**Raðgreiðslur visa/euro**

**Verið velkomin í heimsókn til okkar að skoða glæsilega aðstöðu naglaskólans.**

**Erum á facebook!**

**Tekið er við umsóknum í skólann í síma 510-8080 eða á skoli@beautyworld.is**

**Beautyworld Kringlan 1, 103 Reykjavík Sími 510-8080 www.beautyworld.is**



Nám í rekstri og stjórnun

fyrir framsækna nemendur!

Flugrekstrarfræði 45 ein.

Námið er sniðið að þörfum starfsmanna í flugtengdum rekstri og tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum.

Útvegsrekstrarfræði 45 ein.

Námið er sniðið að þörfum sjávarútvegarins og tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum. Útvegsrekstrarfræði hentar þeim sem hafa starfsmenntun og reynslu úr sjávarútvegi.

Rekstur og stjórnun, almenn lína 45 ein.

Námið er opið öllum sem lokið hafa starfsmenntun eða sambærilegri menntun og hafa reynslu úr atvinnulífinu. Námið tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum.

Allar námslínurnar eru þróaðar af Tækniskólanum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er til viðurkenndra háskólaeininga. Inntökuskilyrði eru starfsmenntun, stúdentspróf eða sambærilegt nám.

Nánari upplýsingar fást í Endurmenntunarskólanum, s. 514 9601 eða á ave@tskoli.is

Innritun stendur yfir!

zetor

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is




Í Dalskóla er leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili undir einu þaki.

# Nýir skólar fara vel af stað

**Tveir nýir skólar tóku til starfa á landinu árið 2010. Menntaskólinn á Tröllaskaga í Ólafsfirði og Dalskóli í Reykjavík. Stjórnendur skólanna segja fyrstu önnina fara vel af stað.**




Ánægja er með að nemendur geti sótt framhaldsnám í heimabyggð í nýjum menntaskóla í Ólafsfirði. MYND/GÍSLI KRISTINSSON

Nýr framhaldsskóli, Menntaskólinn á Tröllaskaga tók til starfa síðastliðið haust í Ólafsfirði. Alls hófu 70 nemendur nám við skólann og var fyrsti stúdentinn útskrifaður nú fyrir jól. Einkunnarorð skólans eru frumkvæði, sköpun og áræði og segir Lára Stefánsdóttir þessa fyrstu önn hafa gengið vel.

„Við fengum fleiri nemendur strax á haustönn en við höfðum búist við. Á vorönn verða nemendur 83. Við útskrifuðum einnig okkar fyrsta stúdent fyrir jólin en hann hafði áður stundað nám á Akureyri.“

Menntaskólinn á Tröllaskaga vinnur samkvæmt breyttri námsskrá frá árinu 2008. Breytingarnar felast í auknum sveigjanleika í skólastarfinu til að sinna áhugasviði nemenda og ólíkum þörfum.

„Við leggjum áherslu á að skólinn taki þátt í umhverfi sínu. Nemendur settu til að mynda upp myndlistarsýningu og héldu íþróttamót. Einnig héldu nemendur styrktartónleika til handa Barnaspítala Hringsins og sáu um allt skipulag sem hluta af náminu.“

Áætlað er að Menntaskólinn á Tröllaskaga geti tekið við 120 til 150 nemendum í allt. Tíu starfsmenn eru við skólann í dag og segir Lára menntunarstig kennara við skólann hátt, flestir séu með mastersgráðu eða að ljúka mastersnámi. Hún segir skólann hafa breytt miklu fyrir samfélagið.



Hildur Jóhannsdóttir



Lára Stefánsdóttir

„Foreldrar geta haldið betur utan um börnin sín, þar sem þau geta sótt nám í heimabyggð. Fyrir marga hafði einnig verið óviðráðanlegt kostnaðarlega að senda börnin burtu til náms.“

Dalskóli að Úlfarsbraut í Reykjavík tók til starfa síðastliðið haust. Þar eru undir sama hatti leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili. Nemendur á leikskólaaldri voru 51 þessa fyrstu önn og 32 á grunnskólaaldri. „Starfið fer mjög vel af stað, við erum eins og stór fjölskylda,“ segir Hildur Jóhannsdóttir, skólastjóri Dalskóla. „Við lítum á þetta sem einn skóla, einn starfsmannahóp og einn barnahóp og vinnum markvisst að því að mannauðurinn nýtist öllum. Leikskólakennarar, grunnskólakennarar og frístundakennarar koma allir með sína sérþekkingu og við lærum hvert af öðru.“

Hildur segir nemendur einnig hafa gagn af samvinnunni, grunnskólabörnin lesi fyrir leikskólabörnin og allur hópurinn sameinist í söng. Skólastarfið sé bæði gefandi og skemmtilegt. „Við fáum einnig mikið af gestum bæði frá skólum hér í Reykjavík, og frá sveitarstjórnum utan af landi sem vilja kynna sér starfið þar sem hér er mikið flæði á milli.“ *- rat*


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir.is


# Opnir fyrirlestrar í LHÍ

Listaháskólinn býður upp á fjölda opinna fyrirlestra á hverri önn. Flestir eru tengdir hönnunar- og arkitektúrdeild en auk þess er tónlistardeild með röð fyrirlestra. Nú í vor hefst síðan fyrirlestraröð á vegum myndlistardeildar Listaháskóla Íslands í Laugarnesi. Hún hefur hlotið nafnið Viðbyggingin og kemur í beinu framhaldi af hinum vel sóttu bakherbergjum sem voru opnuð í LHÍ í haust en þar leiddu myndlistarmenn viðstadda að uppsprettum verka sinna.

Í fyrirlestraröðinni munu einstaklingar úr ólíkum áttum fræðasamfélagsins leggja við hlustir, finna sameiginlega fleti og mynda óvænta skurðpunkta milli fræða og lista. Heimspekingurinn Markus Steinweg ríður á vaðið mánudaginn 17. janúar og fjallar um skurðpunkt heimspeki og lista.



Opnir fyrirlestrar LHÍ gefa innsýn inn í gróskumikið listalíf.

Þá er stefnt að því að opna fyrirlestra á vegum listkennsludeildar að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Fyrsti fyrirlesturinn verður í janúar og munu gestakennarar frá myndlista- og kennaradeild Roveniemi-háskólans í Lapplandi ríða á vaðið.

**● LJÓSMYNDUN** Í Myndlistaskólanum í Reykjavík eru haldin námskeið í ljósmyndun, bæði á filmuvél ásamt framköllun í myrkraherbergi og í stafrænni ljósmyndun, ásamt myndvinnslu í tölvu. Myndað er úti í vettvangsferðum og í stúdíói. Bæði námskeiðin eru fyrir byrjendur og lengra komna. Kennarar eru Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson.

Markmið námskeiðanna er að nemendur bæti við tæknilega kunnáttu og listræna getu enda eru þau góður grunnur fyrir þá sem ætla sér í frekara listnám. *- gun*



MYNDLIST

TUNGUMÁL

MÍMIR
símenntun

FULLT AF SKEMMTILEGUM NÁMSKEIÐUM Á

# VORÖNN 2011

MENNING

GAGN OG GAMAN

HANDVERK
OG HÖNNUN

BARNA-
OG UNGLINGA-
NÁMSKEIÐ

Skráðu þig
NÚNA!

Innritun fer fram í Skeifunni 8, í síma 580 1808 eða á www.mimir.is

# SKRÁÐ

# *Ný námskeið*

## *Fáðu lykilinn að farsælli framtíð hjá Dale Carnegie.*

Komdu í hóp með þeim sem ná árangri. Þjálfun Dale Carnegie vísar þér leiðina til að njóta þín betur á meðal fólks, hafa góð áhrif á aðra og til að nýta hæfileika þína til fullnustu, hvort sem er í starfi eða í einkalífi. Á hverjum degi heyrir þú af fólki sem skarar fram úr í athafnalífinu, í stjórnsýslu, íþróttum, fjölmiðlum og á sviði menningar og lista. Margt af þessu fólki hefur sótt þjálfun Dale Carnegie.

## EINSTAKLINGAR – VORÖNN 2011

**Fyrir hvern:** Fyrir þig sem vilt ná því besta fram í fari þínu, verða sterkari leiðtogi, verðmætari starfsmaður og farsælli einstaklingur.

**Ávinningur:** Þér gengur betur að byggja upp traust sambönd, takast á við áskoranir, tjá þig á skýran og ákveðinn hátt, efla sjálfstraust o.fl.

**Fyrirkomulag:** Þér stendur til boða að sækja Dale Carnegie námskeið kvölds eða morgna og ljúka þeim á 12 vikum, 8 vikum eða 3 dögum. Á 8 og 12 vikna námskeiðum er þjálfunin einu sinni í viku, 4 stundir í senn.

## REYKJAVÍK

**17. janúar, 1. febrúar og 10. mars.**
12 vikna kvöldnámskeið kl. 18:00–22:00, einu sinni í viku.
**Verð:** 139.900 kr.*

**23. febrúar.**
12 vikna námskeið kl. 08:30–12:30, einu sinni í viku.
**Verð:** 139.900 kr.*

**3. mars.**
12 vikna kvennanámskeið kl. 18:00–22:00, einu sinni í viku.
**Verð:** 139.900 kr.*

**2. mars.**
8 vikna kvöldnámskeið kl. 18:00–22:00, einu sinni í viku.
**Verð:** 120.000 kr.*

**8.–10. apríl.**
Þriggja daga námskeið kl. 08:30–16:00.
**Verð:** 117.000 kr.*

## ERLEND TUNGUMÁL

**14. febrúar.**
8 vikna Dale Carnegie námskeið á ensku kl. 18:00–22:00, einu sinni í viku.
**Verð:** 120.000 kr.*

**8.–10. apríl.**
Þriggja daga Dale Carnegie námskeið á pólsku kl. 08:30–16:00.
**Verð:** 117.000 kr.*

* Ath.: Stéttarfélög og starfsmenntasjóðir niðurgreiða Dale Carnegie þjálfun.

## AKUREYRI

**16. mars.**
8 vikna Dale Carnegie námskeið kl. 16:00–19:30, einu sinni í viku.
**Verð:** 120.000 kr.*

## UNGT FÓLK

**Fyrir hverja:** Ungt fólk sem vill ná árangri í lífinu.
**Ávinningur:** Meira sjálfstraust, sterkari sjálfsímynd, geta tjáð sig á skýran hátt og jákvætt viðhorf.

| | |
|---|---|
| 13 – 15 ára | 17. janúar kl. 17:00 – 21:00 |
| 16 – 20 ára | 18. janúar kl. 18:00 – 22:00 |
| 21 – 25 ára | 19. janúar kl. 18:00 – 22:00 |

**Fyrirkomulag:** Einu sinni í viku, í 10 vikur, 4 klst. í senn.
**Verð:** 89.900 kr.*

| | |
|---|---|
| 10 – 12 ára | 26. febrúar kl. 10:00 – 12:30 |

**Fyrirkomulag:** Einu sinni í viku, í 8 vikur, 2,5 klst. í senn.
**Verð:** 45.900 kr.*

### FYRIRTÆKJANÁMSKEIÐ – VORÖNN 2011

**REYKJAVÍK:**

| | |
|---|---|
| Áhrifaríkar kynningar | 20. janúar |
| Sölustjóraþjálfun | 1. febrúar |
| Árangursrík sala | 22. febrúar |
| Stjórnendaþjálfun | 8. mars |
| Þjónusta á heimsmælikvarða | 21. mars |
| Stjórnun viðskiptatengsla | 30. mars |
| Þjálfun fyrir þjálfara | 7. apríl |

**AKUREYRI:**

| | |
|---|---|
| Stjórnendaþjálfun | 16. mars |

ÐU ÞIG!

*að hefjast*

*Þín velgengni er í þínum höndum.*

*KOMDU Í ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMA*
*Í KVÖLD, 5. JANÚAR.*

FULLORÐNIR KL. 20:00
UNGT FÓLK 16–25 ÁRA KL. 20:00
UNGT FÓLK 10–15 ÁRA KL. 19:00

**Komdu í Ármúla 11 og upplifðu Dale Carnegie á 60 mínútum.**

**555 70 80**

*Hringdu núna*

„Eftir að hafa verið við hliðina á mér um nokkurt skeið stimplaði ég mig inn í lífið að nýju með því að fara á Dale námskeið. Mér fannst ég vera búin að vera gangandi ísskápur í fæðingarorlofi en strax í fyrsta Dale tímanum fann ég að þetta yrði mín stund, tími til að eiga samskipti við sjálfa mig, kafa inn á við og setja mér krefjandi markmið. Dale varð svo sannarlega minn tími og á útskriftardaginn fann ég einnig að ég var komin með enn fleiri tól fyrir lífið í verkfærabeltið.“

Andrea Róberts,
forstöðumaður þjónustu- og sölusviðs Tals.



## FYRIR HVERJA ER DALE CARNEGIE?

- Fyrir alla sem vilja ná fram því besta í fari sínu og verða sterkari leiðtogar
- Fyrir þá sem þurfa að takast á við flóknar áskoranir
- Fyrir þá sem vilja fleiri og betri hugmyndir
- Fyrir þá sem vilja byggja upp traust sambönd
- Fyrir þá sem vilja koma fyrir af fagmennsku
- Fyrir þá sem vilja vera virkir á fundum
- Fyrir þá sem vilja stjórna eigin lífi og taka ákvarðanir

DALE CARNEGIE©
ÞJÁLFUN

Ármúla 11, 108 Reykjavík
Sími: 555 7080 | Fax 555 7081
www.dale.is

## Reiðklúbbar Íshesta í vetur

Hefur barnið þitt brennandi áhuga á hestum?
En vantar hestinn og aðstöðuna?




**VIÐ HÖFUM LAUSNINA!**

Reiðklúbbur fyrir börn sem hittist einu sinni í viku með leiðbeinendum. Mikil áhersla er lögð á að börnin læri hvað felst í því að eiga hest og að hverju þurfi að huga í umhirðu hesta.

Byrjendur verða á laugardögum frá kl. 12-14.
Framhaldsstig á sunnudögum frá kl. 12-14.




Við erum að byrja aftur með hinn geysivinsæla reiðklúbb Íshesta sem verður á sunnudögum frá kl. 11-14:00.

Leiðbeinandi verður Svandís Dóra Einarsdóttir leikkona, sem er vinsæll fararstjóri í sumarferðum Íshesta.

Þetta er frábært tækifæri fyrir þá sem vilja njóta hestamennskunnar en hafa ekki tíma til að eiga hesta sjálfir.

Nánari upplýsingar;
Íshestar-Sörlaskeið 26-220 Hafnarfjörður
S: 555-7000. info@ishestar.is - www.ishestar.is





## Tónlistarnám fyrir þig
popp blús djass sönglög



„Láttu drauminn rætast
...spilaðu eftir eyranu"

Ástvaldur Traustason
skólastjóri Tónheima

Allir velkomnir!

- Píanó eftir eyranu
- Djasspíanó *(kennari Agnar Már Magnússon)*
- Ukulele *(kennari Svavar Knútur)* Nýtt
- Lagasmíðar *(kennari Guðmundur Jónsson, Sálinni)*
- Kassagítar/partýgítar
- Rafmagnsgítar

Frístundakort

**Vorönn hefst 17. janúar**

**Upplýsingar og skráning á tonheimar.is**
**og í síma 846 8888**

tónheimar

Tónheimar - Fákafeni 9 - tonheimar@tonheimar.is



# Píanókennsla
## fyrir fullorðna

Bryndís Bragadóttir
S:6968515






# Fjölbreyttur skóli á þingi

**Fyrir um öld var algengast að starfsstéttirnar bændur, prestar og sýslumenn vermdu þingsætin á Alþingi. Síðustu árin var prestum og bændum skipt út fyrir lögfræðinga, sem hefur svo fækkað síðustu árin um leið og hagfræðingum og sagnfræðimenntuðum þingmönnum hefur fjölgað.**



**Af núverandi þingmönnum hefur 21 þeirra stundað nám í Menntaskólanum í Reykjavík, eða þriðjungur þingmanna.**

Nær flestir þingmenn hafa lokið frekara námi eftir grunnskólapróf, eða 61 af 63 sitjandi þingmönnum. Eftir grunnskóla lá leið þeirra víða, flestir fóru í menntaskóla og algengast er að þingmenn hafi stundað nám í Menntaskólanum í Reykjavík, en 21 er með stúdentspróf úr þeim skóla, eða þriðjungur þingmanna. Aldursforsetarnir í hópi MR-stúdentanna eru þeir **Pétur H. Blöndal**, Sjálfstæðisflokki og **Jón Bjarnason**, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem báðir útskrifuðust úr MR árið 1965. Yngsti MR-stúdentinn á Alþingi er **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, Framsóknarflokki.



Fimm þingmenn menntuðu sig í Menntaskólanum við Hamrahlíð en þess ber að geta að forskot MR má að einhverju leyti rekja til þess að margir mennta- og fjölbrautaskólar voru ekki stofnaðir þegar þingmenn hófu nám eftir grunnskólapróf. Menntaskólinn við Hamrahlíð var til að mynda stofnaður árið 1966 og Menntaskólinn við Sund árið 1969. Sitjandi menntamálaráðherra, **Katrín Jakobsdóttir** og fyrrverandi menntamálaráðherra, **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, eru báðar stúdentar frá MS.

### HAGFRÆÐINGAR SÆKJA Á



Þrátt fyrir að lögfræðingar hafi í seinni tíð verið ófáir á þingi eru þeir færri á Alþingi í dag en þeir voru til að mynda árið 2007. Þá voru þeir þrettán en eru níu talsins í dag. Af þeim má nefna **Atla Gíslason**, þingmann Vinstri grænna, **Árna Pál Árnason**, efnahags- og viðskiptaráðherra, og **Ólöfu Nordal**, þingmann Sjálfstæðisflokks.



Hagfræðingum á þingi hefur fjölgað og eru nú næstum orðnir jafnmargir og lögfræðingar, en þeir þingmenn sem hafa menntað sig í greininni eru sjö talsins. Af þeim má nefna **Illuga Gunnarsson** og **Tryggva Þór Herbertsson**, Sjálfstæðisflokki, **Lilju Mósesdóttur**, Vinstri grænum og **Þór Saari**, Hreyfingunni. Þá eru alþingismenn sem hafa menntað sig í stjórnmálafræði níu talsins. **Guðfríður Lilja Grétarsdóttir** hjá Vinstri grænum er ein þeirra, með BA-próf í sagnfræði og stjórnmálafræði úr Harvard-háskóla í Bandaríkjunum en auk þess er hún með M. Phil.-próf í heimspeki frá Cambridge-háskóla í Bretlandi. Þá er **Þórunn Sveinbjarnardóttir**, formaður þingflokks Samfylkingar, stjórnmálafræðingur frá Háskóla Íslands og **Guðlaugur Þór Þórðarson**, Sjálfsstæðisflokki, er með BA-próf í stjórnmálafræði frá sama skóla.

### HUGVÍSINDIN FYRIRFERÐARMIKIL



Þónokkuð margir þingmenn hafa menntað sig í sögu en einir sex þingmenn lögðu stund á sagnfræði. Fyrrverandi viðskiptaráðherra, **Björgvin G. Sigurðsson**, er með BA-próf í sögu og heimspeki, **Eygló Harðardóttir**, Framsóknarflokki, er með Fil.kand.-próf í listasögu frá Stokkhólmsháskóla og **Ögmundur Jónasson** er með MA-próf í sagnfræði og stjórnmálafræði.

Tungumála- og bókmenntanám er ekki síður algengt meðal þingmanna en þeir eru átta talsins sem menntuðu sig á því sviði. Má þar nefna að framsóknarmaðurinn **Guðmundur Steingrímsson** tók BA-próf í íslensku og heimspeki auk þess að vera með meistarapróf í heimspeki, bæði frá Uppsalaháskóla í Svíþjóð og Oxford-háskóla í Bretlandi. Menntamálaráðherra, **Katrín Jakobsdóttir,** tók frönsku sem aukagrein til BA-prófs í íslensku en hún er með meistarapróf í íslenskum bókmenntum.

**Ólína Þorvarðardóttir**, Samfylkingu, er Dr.Phil í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og **Svandís Svavarsdóttir** er með BA-próf í almennum málvísindum og íslensku. Enginn þingmaður Sjálfstæðisflokks hefur lagt menntun af því tagi fyrir sig.




**Einungis tveir þingmenn eru iðnmenntaðir, annar Siglufjarðar.**

### IÐNMENNTUN OG BÚFRÆÐI

Þrír þingmenn eru með skipstjórnarpróf: Sjálfstæðismennirnir **Ásbjörn Óttarsson** og **Kristján Þór**

**●VERKEFNA- OG VIÐBURÐASTJÓRNUN HJÁ KEILI** Nýtt nám í verkefna- og viðburðastjórnun hefst hjá Keili nú eftir áramótin en námið, sem kallast Tromp, þykir óvenjulegt hvað kennslu og uppbyggingu varðar.

Námið snýst um allt er viðkemur verkefna- og viðburðastjórn, hvernig hugmyndir verða til, eru þróaðar og þeim hrint í framkvæmd. Hönnun námsins tekur meðal annars mið af niðurstöðum úr viðtölum við stjórnendur ýmissa fyrirtækja á Íslandi.

Meðfram bóklegu námi vinna nemendur í hópum við raunveruleg verkefni og viðburði fyrir samstarfsfyrirtæki Trompsins. Farið er yfir árangurinn með viðkomandi fyrirtækjum og fólki úr atvinnulífinu í lok verkefnanna og er sú vinna hugsuð til að nemendur öðlist praktíska reynslu.

Meðal þess sem farið er yfir í náminu er stjórnun verkefna og viðburða, markaðssetning, margmiðlun, samskipti við fjölmiðla og gerð fréttatilkynninga, stofnun fyrirtækja, fjármálastjórnun, líkamsbeiting, tjáning og margt fleira.

Námið er blanda af fjarnámi og staðarnámi og stendur yfir í þrjár annir. *- jma*







r úr Iðnskólanum í Reykjavík og hinn úr Iðnskóla

**Júlíusson** auk **Björns Vals Gíslasonar** úr Vinstri grænum. Að lokum má nefna nokkra sem eru „stakir í sinni grein“ á þingi. **Jón Gunnarsson**, þingmaður Sjáfstæðisflokks, er með próf úr málmiðnaðardeild Iðnskólans í Reykjavík en annar þingmaður sem er iðnskólamenntaður er **Kristján L. Möller**, með próf frá Iðnskóla Siglufjarðar. Kristján er einnig með íþróttakennarapróf. **Pétur H. Blöndal** lauk prófi í tryggingafræði og hagnýtri stærðfræði og varði svo doktorsritgerð sína í líkindafræði. Össur **Skarphéðinsson** er doktor í lífeðlisfræði með fiskeldi sem sérgrein og **Þráinn Bertelsson** er með próf í leikstjórn og kvikmyndaframleiðslu. Að lokum má geta að tveir þingmenn eru búfræðimenntaðir, **Jón Bjarnason** og **Ásmundur Einar Daðason**, sem jafnframt er yngsti þingmaðurinn. *- jma*




# LEIKUR OG NÁM

## Hefur þú skoðað gagnvirka vefi á Krakkasíðum og Unglingasíðum Námsgagnastofnunar?




Allar hljóðbækur Námsgagnastofnunar eru aðgengilegar til niðurhlaðs af

**www.nams.is**

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á því námsefni sem er í boði fyrir grunnskóla að skrá sig á póstlista Námsgagnastofnunar.

**NÁMSGAGNASTOFNUN**
Víkurhvarf 3 • 203 Kópavogur • Sími 535 0400

# Furðulegir félagshópar og undarleg embætti

**Rakarastofuseptett, svívirðandi kór og sá sem tekur á sig alla sök eru dæmi um embætti og hópa innan skólafélaga menntaskólanna.**



Atli Jasonarson tekur hér á sig sökina. Hann ætti að þola það, enda ekki hægt að vera reiður við mann með þetta andlit lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Rakarasvið Menntaskólans við Sund er eini starfandi rakaraseptett landsins, að því talið er.

Menntskælingar eru þekktir fyrir allt annað en hugmyndaleysi þegar kemur að félagslífinu. Hér eru nokkur dæmi um hugmyndaauðgina og gróskuna í nemendafélögunum.

### AF SÖNGVUM OG NÍÐSTÖNGUM

Klúbbarnir sem starfræktir eru innan Menntaskólans við Sund kallast svið. Þar hefur mörg vitleysan farið fram, en fyrir áratug eða svo var meðal annars stofnað svið um reisn níðstangar gegn nemendum Verslunarskóla Íslands. Nemendur virðast öllu rólegri nú og hafa svið eins og sjósundssvið, gamla mynda svið og svokallað rakarasvið.

„Við erum sjö strákar sem komum saman og stofnuðum barbershop-septett sönghóp fyrr í vetur. Okkur hefur alltaf langað að gera þetta því þetta er bara svo fáránlega skemmtilegt," segir Unnsteinn Árnason, einn sjö meðlima sviðsins. „Við komum fram á hæfileikakeppninni og unnum hana, sungum í sjötugsafmæli og svo eru einhver fleiri verkefni í vetur."

### ALMENNUR NÖRDASKAPUR

MR-ingar eiga sér ekki ósvipaðan hóp, nema öllu stærri og með öllu afmarkaðri tilgangi. Um karlakór er að ræða sem hefur þann tilgang einan að hrella busa fyrstu skóladagana með drungalegri tónlist, sérstaklega samdri fyrir tilefnið.

Ekki eru allir félagshópar Mennskælinga í Reykjavík svo harðir, eins og Nördaráð ber fagurt vitni um. „Ráðið sér um að efla „nördaskap" MR-inga," segir Einar Lövdahl Gunnlaugsson, inspector scholae. „Það felst meðal annars í því að lesa ævintýrabækur, spila tölvuleiki í takt við það, hafa vit á Pokémon og svo framvegis."

### „ÞETTA ER ALLT MÉR AÐ KENNA"

Sá sem gegnir furðulegasta, en um leið ef til vill þarfasta, embættinu hjá Skólafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð hreppir hnossið, því hann sinnir undarlegasta embætti allra nemendafélaga. Embættið kallast blórabögglullinn og eins og nafnið gefur til kynna tekur hann á sig sökina fyrir allt það sem úrskeiðis fer hjá nemendafélaginu.

„Ef illa gengur í Morfís eða Gettu betur þá er það mér að kenna og ég tek á mig sökina opinberlega," segir Atli Jasonarson, sem hlaut þann vafasama heiður að vera blórabögglullinn í ár, fyrstur allra reyndar því embættið var stofnað nýlega. „Ég hef ekki haft mikið að gera en allar keppnirnar byrja á næstu önn svo ég býst við að þá verði allt vitlaust."

Atli telur ekki loku fyrir það skotið að hann fari út í atvinnumennsku, enda telur hann ríkisstjórnina og bankana sárlega þurfa á blórabögli að halda. Atli myndi ekki fúlsa við að fá greitt fyrir að bæta á sektarkenndina sem nú þegar þjakar hann. „Það þarf sterkt bak til að vera ég," segir Atli. „En ég þoli þetta allt."

Þeim sem vilja nýta sér þjónustu Atla, hvort sem um alþingismenn eða ótrúa eiginmenn er að ræða, er bent á að hafa samband við nemendafélag MH. *tryggvi@frettabladid.is*


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

GAUKSHREIÐRIÐ XXII/08

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






„Við munum opna eitt og eitt námskeið ef laus sæti verða," segir Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri í Endurmenntunardeild LBHÍ. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Sáðmaður gekk út að sá

Sáðmaðurinn nefnist ný námskeiðaröð við endurmenntunardeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem ætluð er fróðleiksfúsu jarðræktarfólki. Um átta stutt námskeið er að ræða sem hægt er að taka með fullri vinnu. Það fyrsta er 14. til 15. janúar í ár en það síðasta í mars 2012.

Þar verður farið í gegnum allt ræktunarferlið með það að markmiði að bæta uppskeruna, að sögn Ásdísar Helgu Bjarnadóttur verkefnastjóra.

Hún segir þá grasstofna sem gefi mesta og næringarríkasta uppskeru oft hverfa hratt úr túnum en eldri tegundir úr náttúrunni spretta upp sem ekki séu jafn kraftmiklar. Því þurfi að umbylta túnum reglulega og sá í þau upp á nýtt.

Meðal þess sem kennt verður er hvernig jarðvinnutæki eru valin og stillt, með tilliti til notagildis og orkueyðslu, fjallað um gæði og mat á jarðveginum og fólki kennt að lesa út úr jarðvegs- og fóðurefnagreiningum. Í framhaldi af því er skoðað hvaða grastegundir henta og hvernig áburðurinn nýtist best.

„Þátttakendur eiga líka að móta verkefni í tengslum við eigin ræktun," segir Ásdís Helga sem býst ekki bara við bændum á námskeiðið heldur líka verktökum sem sinna jarðvegsvinnu. „Þeir sem taka alla röðina ganga fyrir en við munum opna eitt og eitt námskeið ef laus sæti verða og þeir sem koma inn fá afslátt af jarðvegs- og heyefnagreiningu," tekur hún fram. *-gun*




**Öflugar menntastofnanir gefa ungu fólki tækifæri til góðra og skapandi starfa.**

Við viljum búa börnum okkar trygga framtíð. Við viljum auka verðmætasköpun sem byggist á framfaravilja, nýsköpun og atorku. Góð raungreina-, tækni- og iðnmenntun er lykillinn að þeirri þekkingu og færni sem atvinnulífið þarfnast.

**Við bjóðum þúsundir tæknistarfa á næstu árum.**

ÁR NÝSKÖPUNAR
SAMTÖK IÐNAÐARINS

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 10-2161

# Uppgötva undur stærðfræðinnar saman

**Stærðfræðikennarar Menntaskólans við Sund og Langholtsskóla hafa tekið höndum saman í skemmtilegu samstarfsverkefni.**



Andrea Magdalena og Hanna María sýndu snilldartakta með skærin. MYND/HAFSTEINN ÓSKARSSON



Í risinu í Langholtsskóla eiga börnin margar góðar stundir. Hér er Gísli Þór með þeim Önnu Guðrúnu, Aldísi og Arnbjörgu, kennurum í Langholtsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég fékk þessa hugmynd árið 2009 á árlegu þingi stærðfræðikennara á grunn- og framhaldsskólastigi,“ segir Gísli Þór Sigurþórsson stærðfræðikennari við Menntskólann við Sund. „Hugmyndin var að kanna grundvöllinn fyrir því að fá nítján ára unglinga og sex ára börn til að vinna saman að stærðfræðiverkefnum. Þannig ynnu þau að sama verkefninu en með mismunandi hugtök.“

Gísli komst í samband við tvo kennara í Langholtsskóla í sumar, þær Önnu Guðrúnu Harðardóttur og Aldísi Sveinsdóttur, sem leist vel á þetta tilraunaverkefni.

„Við erum nú með 63 sex ára börn og bjuggum til hóp í MS af unglingum á þriðja ári á náttúrufræðibraut. Við vonumst til að vera með einn ungling á móti hverjum þremur börnum,“ útskýrir Gísli og segir fyrsta fund hópanna hafa gengið mjög vel. „Við hittumst fyrir jólin og gerðum saman lítið klippiverkefni. Þessi stund var stórkostleg og lá við að ég fengi tár í augun að fylgjast með börnum og unglingum í samvinnu,“ segir Gísli og brosir.

En hvað fæst með slíku samstarfi? „Við vonumst til að litlu börnin fái betri skilning á stærðfræðinni á sínu plani. Kannski geta unglingarnir gefið krökkunum eitthvað sem við kennararnir eigum erfiðara með og mögulega geta litlu börnin opnað unglingunum einhverja sýn. Þetta er auðvitað bara tilraun og nokkurs konar óvissuferð,“ svarar Gísli glaðlega. Hann segir verkefnið vel til þess fallið að fá unglingana til að eiga samtal um stærðfræði sem sé oft erfitt að gera. „Í þessu verkefni þurfa þau að tala um stærðfræði við litlu krakkana og geta ekki bara grafið sig ofan í bækurnar.“

Hóparnir ætla að hittast tvisvar til þrisvar í vetur. Fyrsta verkefnið verður að vinna með rúmmál. „Þá pæla litlu börnin í hugtökunum stærra og minna, meðan unglingarnir vinna að afleiðureikningum og heildun,“ segir Gísli sem telur allt of litla samvinnu vera milli skólastiga.

Námskeið kl. 6.05, 9.15, 17.30, 3 x í viku og 16.30, 2 x í viku.



# Krefjandi konuátak

- Framhaldsnámskeið-hraðferð
- Árangur á met tíma
- Hámarks brennsla
- Vigtun, mælingar og matarræði sem veita strangt aðhald
- Vikulegur netpóstur
- Mjög fjölbreyttir tímar
- Ótakmarkaður aðgangur að fjórum stöðvum og sundi

Grafika 10

Námskeið kl. 6.05 og 18.30, 3 x í viku.



# Karlaátak

- Meiri orka, kraftur og styrkur
- Hámarks brennsla
- Vigtun og mælingar sem veita gott aðhald
- Vikulegur netpóstur um bætt matarræði og fræðslupunkta
- Mjög fjölbreyttir tímar m.a stöðvaþjálfun, BodyPump, M&N-training
- Ótakmarkaður aðgangur að fjórum stöðvum og sundi

Námskeið kl. 18.30, 3 x í viku.

**Verð fyrir átaksnámskeið**

| | |
|---|---|
| **3 x í viku kr. 21.990.-** | **2 x í viku kr. 16.990.-** |
| **Korthafar kr. 12.990.-** | **Korthafar kr. 9.990.-** |

Skráning og nánari upplýsingar
í síma 565-2212/565-2712 mottaka@hress.is

ÁSMEGIN Sjúkraþjálfun

HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is

# sport

sport@frettabladid.is

**8 DAGAR**

**DANIR** mæta til leiks á HM í Svíþjóð með afar sterkt lið en þjálfari liðsins, Ulrik Wilbek, reynir að draga úr væntingum heimamanna fyrir mótið. Hann segir að Danir stefni á að verða meðal sjö efstu í mótinu sem tryggi um leið þáttökurétt í undankeppni Ólympíuleikanna. Hann segir önnur lið líklegri til að komast í undanúrslit en segir sitt lið samt hafa viljann til að ná langt.



**ÖFLUG** Jaleesa Butler á ferðinni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild kvenna:

## Hamar með fullt hús

**KÖRFUBOLTI** Jaleesa Butler hélt upp á það í kvöld að vera valin besti leikmaður fyrri hluta Iceland Express-deildar kvenna með því að klára KR í fyrsta leik ársins í kvennakörfunni. Hamar er því búið að vinna 12 leiki í röð í deildinni.

KR var ekki fjarri því að leggja Hamar fyrst allra en magnaður varnarleikur Butler sá til þess að sigurganga Hamars heldur áfram. KR var stigi yfir þegar skammt var eftir en Hamarsstúlkur höfðu ekki sungið sitt síðasta í leiknum.

Guðbjörg Sverrisdóttir kom Hamri yfir, 55-56, með laglegu sniðskoti.

Í næstu sókn KR reyndi Hildur Sigurðardóttir skot en Butler gerði sér lítið fyrir og varði skot Hildar.

Hamar klúðraði í kjölfarið tveim vítaskotum. KR fór aftur í sókn og fékk annað tækifæri til að klára leikinn. Það gekk ekki því Butler fór aftur illa með Hildi. Í þetta skiptið stal hún boltanum af henni.

Hamar skoraði svo úr einu víti á lokaandartökum leiksins og tryggði sér sætan sigur. **- hbg**

# Nani afgreiddi Stoke City

**Portúgalinn Nani sneri aftur í lið Man. Utd í gær eftir meiðsli með stæl þegar hann skoraði sigurmark United gegn Stoke City og lagði upp fyrra mark liðsins.**

**FÓTBOLTI** Man. Utd náði þriggja stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í gær þegar liðið vann frekar fyrirhafnarlítinn sigur á Stoke, 2-1. Bæði mörk United í gær voru af dýrari gerðinni.

Það vantaði Wayne Rooney í lið United í gær en hann var frá vegna meiðsla. Rio Ferdinand og Edwin van der Sar voru hvíldir. Hjá Stoke fékk Tuncay Sanli langþráð tækifæri í byrjunarliðinu en Eiður Smári Guðjohnsen var ekki einu sinni í hópnum að þessu sinni. Dagar hans hjá Stoke augljóslega taldir.

Javier Hernandez skoraði ótrúlega huggulegt mark með hnakkanum gegn Stoke síðast er liðin mættust og hann hélt uppteknum hætti með glæsimörkin í gær. Hann kom þá United yfir í fyrri hálfleik með laglegri hælspyrnu eftir sendingu Nani sem kom aftur inn í lið United eftir meiðsli.

Yfirburðir United voru nokkrir í fyrri hálfleik og Stoke virtist aldrei líklegt til þess að skora. Eins og svo oft áður í vetur gekk United samt illa að bæta við mörkum og staðan í leikhléi, 1-0.

Stoke kom vel stemmt til síðari hálfleiks og liðið var búið að jafna leikinn eftir aðeins fimm mínútna leik í síðari hálfleik. Tuncay átti þá laglega sendingu í teiginn sem Dean Whitehead framlengdi í markið. Smekklega gert en dekkningin hjá varnarmönnum United var langt frá því að vera til fyrirmyndar.

Leikmenn United létu markið ekki slá sig út af laginu og hófu mikla sókn að marki Stoke. Sú orrahríð bar árangur er hálftími lifði leiks. Þá skiptust Nani og Hernandez á hlutverkum. Mexíkóinn gaf núna á Nani sem lét vaða fyrir utan teig og boltinn söng í horninu. Glæsilegt mark.

Stoke náði nákvæmlega ekkert að ógna marki United eftir þetta og toppliðið sigldi heim þremur góðum stigum.

Þá má geta þess að James Hurst, fyrrum leikmaður ÍBV, lék sinn fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni í gær en hann var í byrjunarliði WBA og lék allan leikinn í stórtapi gegn Fulham.

Sigurinn var afar mikilvægur fyrir Mark Hughes, stjóra Fulham, enda er heitt undir honum og talað um fyrir leikinn að hann yrði að skila sigri í þessum leik til þess að halda starfinu.

Hann fékk því líflínu í kvöld og Fulham verður að halda þessu áfram á næstu vikum svo Hughes verði öruggur. **henry@frettabladid.is**



**GLÆSIMARK** Javier Hernandez kemur hér United yfir með laglegri hælspyrnu. Annað glæsimarkið sem hann skorar gegn Stoke í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin:*

Man. Utd-Stoke City 2-1
1-0 Javier Hernandez (27.) 1-1 Dean Whitehead (49.), 2-1 Nani (62.)

Blackpool-Birmingham 1-2
0-1 Alexander Hleb (24), 1-1 DJ Campbell (68.), 1-2 Scott Dann (89.)

Fulham-WBA 3-0
1-0 Simon Davies (45.), 2-0 Clint Dempsey (56.), 3-0 Brede Hangeland (65.)

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **20** | **12** | **8** | **0** | **43-19** | **44** |
| Man. City | 21 | 12 | 5 | 4 | 33-16 | 41 |
| **Arsenal** | **20** | **12** | **3** | **5** | **42-22** | **39** |
| Tottenham | 20 | 10 | 6 | 4 | 30-23 | 36 |
| **Chelsea** | **20** | **10** | **5** | **5** | **36-18** | **35** |
| Sunderland | 21 | 7 | 9 | 5 | 24-22 | 30 |
| ------------------------------ | | | | | | |
| Everton | 20 | 4 | 10 | 6 | 21-24 | 22 |
| **Birmingham** | **20** | **4** | **10** | **6** | **20-25** | **22** |
| WBA | 21 | 6 | 4 | 11 | 26-39 | 22 |
| **Aston Villa** | **20** | **5** | **6** | **9** | **23-37** | **21** |
| West Ham | 21 | 4 | 8 | 9 | 22-33 | 20 |
| **Wigan** | **20** | **4** | **8** | **8** | **17-32** | **20** |
| Wolves | 20 | 5 | 3 | 12 | 20-34 | 18 |

### *IE-deild kvenna:*

KR-Hamar 55-57
Stig KR: Margrét Kara Sturludóttir 14, Chazny Paige Morris 13, Signý Hermannsdóttir 8, Hafrún Hálfdánardóttir 7, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 6, Hildur Sigurðardóttir 3 (12 fráköst), Helga Einarsdóttir 2 (10 fráköst), Þorbjörg Friðriksdóttir 2.
Stig Hamars: Jaleesa Butler 20 (9 fráköst), Slavica Dimovska 14, Kristrún Sigurjónsdóttir 9, Fanney Guðmundsdóttir 7, Guðbjörg Sverrisdóttir 5, Íris Ásgeirsdóttir 2.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hamar** | **12** | **12** | **0** | **956-809** | **24** |
| Keflavík | 11 | 10 | 1 | 968-671 | 20 |
| **KR** | **12** | **7** | **5** | **832-757** | **14** |
| Haukar | 11 | 6 | 5 | 709-730 | 12 |
| **Njarðvík** | **11** | **4** | **7** | **787-803** | **8** |
| Snæfell | 11 | 3 | 8 | 693-834 | 6 |
| **Fjölnir** | **11** | **2** | **9** | **671-892** | **4** |
| Grindavík | 11 | 1 | 10 | 618-738 | 2 |

### *Sænski körfuboltinn:*

Sundsvall-Örebro 96-82
Hlynur Bæringsson skoraði 9 stig og tók 10 fráköst fyrir Sundsvall. Jakob Örn Sigurðarson bætti 5 stigum við og gaf 7 stoðsendingar. Sundsvall hefur unnið tíu leiki í röð og er í öðru sæti deildarinnar.

### *Enska C-deildin:*

Bristol Rovers-Plymouth 2-3
Kári Árnason var í byrjunarliði Plymouth og var tekinn af velli undir lokin. Plymouth er í 19. sæti deildarinnar.








**ÚRVALSLIÐIÐ** Bestu leikmenn og besti þjálfari Iceland Express deildar karla, fyrstu ellefu umferðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úrvalslið Iceland Express-deildanna í körfubolta:

## Pavel og Butler best

**KÖRFUBOLTI** KR-ingurinn Pavel Ermolinskij og Jaleesa Butler, leikmaður Hamars, voru í gær valin bestu leikmenn Iceland Express deilda karla og kvenna. Tímabilið er nú hálfnað en keppni í kvennaboltanum hófst aftur í gær. Heil umferð fer fram í karladeildinni annað kvöld.

„Ég hlakka til átakanna sem eru fram undan. Ég á ekki von á því að ég skori eitthvað meira út af þessum verðlaunum en það er alltaf gaman að fá viðurkenningu,“ sagði Pavel í gær.

Butler hefur átt frábært tímabil með Hamri en liðið er enn með fullt hús stiga á toppi kvennadeildarinnar. „Það tók mig ekki langan tíma að aðlagast körfuboltanum á Íslandi enda er íþróttin eins sama hvar hún er spiluð,“ sagði hún. „Ég er ánægð í Hveragerði og líst vel á framhaldið. Þó svo að við séum enn ósigruð eru mörg lið í deildinni að styrkja sig núna og við tökum því alla leiki alvarlega. Við viljum bara halda áfram að vinna leiki.“

Þjálfarar toppliða deildarinnar voru valdir þeir bestu – Ingi Þór Steinþórsson hjá karlaliði Snæfells og Ágúst Björgvinsson hjá Hamri. Sigmundur Már Herbertsson var kjörinn besti dómarinn. **- esá**

### Úrvalsliðin í 1.-11. umferð

**Iceland Express-deild karla:**
Pavel Ermolinskij (KR), Ægir Þór Steinarsson (Fjölnir), Hörður Axel Vilhjálmsson (Keflavík), Jón Ólafur Jónsson (Snæfell), Lazar Trifunovic (Keflavík).

**Iceland Express-deild kvenna:**
Pálína Gunnlaugsdóttir (Keflavík), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir (KR), Margrét Kara Sturludóttir (KR), Bryndís Guðmundsdóttir (Keflavík), Jaleese Butler (Hamar).


• PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST •
1.695,-
29 lítra plastkassi
Góður plastkassi með smelltu loki.
Stærð: 46.5 x 35.5 x 25.7 sm.
8 lítra plastkassi
Góður plastkassi með loki.
Stærð: 34 x 22.5 x 16 sm.
499,-
1.995,-
57 lítra plastkassi á hjólum
Stærð: 59 x 41 x 33 sm.
NÚ KOMUM VIÐ SKIPULAGI Á GEYMSLUNA, BÍLSKÚRINN, HERBERGIÐ OG SKRIFSTOFUNA! •
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rfl.is
1.695,-
31 lítra plastkassi
Góður plastkassi með smelltu loki.
Stærð: 50 x 39 x 26 sm.
2.495,-
50 lítra TOP ROLLER plastkassi
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum. Langt og gott handfang. Stærð: 60 x 40 x 34.5 sm.
1.495,-
24 lítra plastkassi
Góður plastkassi með loki og hjólum.
Stærð: 60 x 40 x 17 sm.
2.495,-
32 lítra plastkassi með loki
Góður plastkassi með tvöföldu loki.
Stærð: 80 x 40 x 17 sm.
995,-
11,5 lítra plastkassi með loki
Góður plastkassi með loki og handfangi.
Stærð: 37 x 28 x 16.5 sm.
995,-
13 lítra plastkassi
Góður plastkassi með loki.
Stærð: 40 x 29.5 x 21.2 sm.
3.595,-
100 lítra plastkassi á hjólum
Stór og góður plastkassi á hjólum. Stærð: 69 x 47 x 45.5 sm.
1.495,-
25 lítra plastkassi
Stærð: 46 x 35 x 27 sm.
489,-
3 lítra plastkassi
Góður plastkassi með loki.
Stærð: 21 x 17 x 15 sm.
3.495,-
50 lítra plastkassi
Góður plastkassi. Stærð: 50 x 39 x 41 sm.
3.990,-
70 lítra plastkassi
Stór og góður plastkassi á hjólum. Stærð: 72 x 40 x 39 sm.
• PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST •

## > Russell Crowe

„Fólk er endalaust að segja að ég sé hrokafullur. Ég er ekki hrokafullur, ég er einbeittur.“

***Russell Crowe leikur rómverska skylmingaþrælinn Maximus sem reynir að hefna fyrir morðið á fjölskyldu hans í kvikmyndinni Gladiator sem sýnd er á Stöð 2 Bíói í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON **HORFIR TIL BJARTARI TÍMA**

# *Slefandi safaríkt sjónvarp*

Ég elska janúar. Í janúar er ekkert nema gott fram undan. Sólin hækkar á lofti frá degi til dags og í kjölfarið verða morgnarnir kerfisbundið auðveldari. Eftir aðeins nokkrar vikur fer að vora og svo kemur sumarið. Blessað sumarið.

Nýju ári fylgja líka fögur fyrirheit í sjónvarpi. Steindi Jr. snýr aftur, grínararnir í Mið-Íslandi vinna að nýrri þáttaröð sem klikkar varla, leikstjórinn Ragnar Bragason og gengið á bak við vaktarþættina frumsýnir nýja þætti – fyrir utan Jón Gnarr auðvitað, nýr spurningaþáttur með Jóhanni G. Jóhannssyni, Eddu Björgu og Sólmundi Hólm hefst í janúar og svo er Popppunktur væntanlegur í sumar. Allt er þetta íslenskt og slefandi safaríkt.



Útlendingarnir láta ekki sitt eftir liggja. Dexter snýr aftur, 30 Rock heldur áfram eins og snilldarþættirnir um Michael Scott og félaga í bandaríska Office. Modern Family heldur líka áfram að vera snilld rétt eins og South Park er búið að vera óslitið síðustu ár.

2010 getur étið það sem úti frýs. 2011 komið og það er óþarfi að horfa til baka. Nema auðvitað á endursýningar í sjónvarpi.

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Sigurbjörn Einarsson biskup**
**16.30 Strákarnir okkar**
**17.20 Einu sinni var...lífið** (15:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Fínni kostur** (3:21)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (15:42)
**18.30 Gló magnaða** (14:19) (Kim Possible)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Íþróttamaður ársins 2010** Bein útsending frá hófi Samtaka íþróttafréttamanna þar sem lýst er kjöri íþróttamanns ársins 2010.
**21.10 Læknamiðstöðin** (36:53) .
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Músíktilraunir 2010** Upptaka frá lokakvöldi Músíktilrauna í fyrravor. Við sögu koma allar hljómsveitirnar sem komust í úrslit. Eggert Gunnarsson sá um upptökustjórn, klippingu og dagskrárgerð.
**23.15 Landinn**
**23.45 Kastljós**
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Lois and Clark. The New Adventure** (19:21)
**11.10 Amerísk draumurinn** (5:6)
**11.45 Grey's Anatomy** (10:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pretty Little Liars** (6:22)
**13.50 Gossip Girl** (19:22)
**14.40 E.R.** (10:22)
**15.30 iCarly** (19:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (13:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (1:23)
**20.10 Gossip Girl** (9:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
**20.55 Hawthorne** (6:10)
**21.40 Medium** (15:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
**22.25 Nip/Tuck** (13:19)
**23.10 Sex and the City** (13:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma.
**23.40 NCIS. Los Angeles** (19:24)
**00.25 December Boys**
**02.05 Cemetery Gates**
**03.40 Hawthorne** (6:10)
**04.25 Gossip Girl** (9:22)
**05.10 The Simpsons** (13:23)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.50 Spænski boltinn: Barcelona - Levante** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**19.35 Muhammad and Larry**
**20.30 FA bikarinn - upphitun** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í FA bikarkeppninni.
**21.00 Skills Challenge** Skemmtilegt golfmót þar sem fjögur tveggja manna lið eigast við í ýmsum golfþrautum. Liðin eru skipuð frábærum kylfingum sem þurfa að nota alla sína hæfileika til að sigra í þessu einstaka móti.
**22.30 UFC Live Events 125** Útsending frá bardagamóti í Las Vegas. Aðalbardaginn er á milli Frankie Edgar og Gary Maynard um heimsmeistaratitil í léttvigt.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Stoke**
**15.35 Fulham - WBA**
**17.20 Blackpool - Birmingham**
**19.05 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**19.35 Arsenal - Man. City** Bein útsending frá leik Arsenal og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni. Á sama tíma er leikur Blackburn og Liverpool á Sport 3, Wolves og Chelsea á Sport 4, Everton og Tottenham á Sport 5 og Newcastle og West Ham á Sport 6.
**21.40 Blackburn - Liverpool** Útsending frá leik Blackburn og Liverpool sem fram fór fyrr í kvöld.
**23.25 Wolves - Chelsea** Útsending frá leik Wolves og Chelsea sem fram fór fyrr í kvöld.
**01.10 Everton - Tottenham** Útsending frá leik Everton og Tottenham sem fram fór fyrr í kvöld.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Seven Ages of Pregnancy** (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 How To Look Good Naked**
**19.00 Judging Amy** (22:23)
**19.45 Will & Grace** (2:22)
**20.10 Married Single Other - NÝTT!** (1:6) Vandaðir breskir þættir í sex hlutum úr smiðju ITV sem fjalla um þrjú pör, þau Eddie og Lillie, Babs og Dicke og Clint og Abbey sem eiga í erfiðleikum með að skilgreina samband sitt. Eddie biður Lillie að giftast sér en hún segir nei líkt og síðustu fimmtán ár enda þarfnast samband þeirra að hennar mati ekki frekari staðfestingar á meðan glaumgosinn Clint sem venjulega stofnar ekki til sambands með konum fellur algerlega fyrir tálkvendinu Abbie.
**21.00 Single Father - NÝTT!** (1:4) Þessir þættir í úr smiðju BBC fjalla um einstæða föðurinn Dave sem reynir að ala upp börnin sín fjögur eftir sviplegt fráfall eiginkonu sinnar sem ferst í slysi.
**22.00 The L Word** (3:8)
**22.50 Jay Leno**
**23.35 CSI: Miami** (13:24) (e)
**00.25 Flashpoint** (3:18) (e)
**01.10 Will & Grace** (2:22) (e)
**01.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**12.25 Golfing World**
**13.15 The Open Championship Official Film 2010**
**14.10 PGA Tour Yearbooks (8:10)**
**15.10 PGA Tour Yearbooks (9:10)**
**15.55 Ryder Cup Official Film 2010**
**17.10 ETP Review of the Year 2010**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour (1:42)**
**19.15 Dubai World Championship (4:4)**
**00.00 PGA Tour Yearbooks (10:10)**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur
**20.10 Falcon Crest** (8:28) H.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Burn Up** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar sem gerist í heimi olíuviðskipta þar sem samsæri og svikráð eru daglegt brauð.
**23.25 Modern Family** (6:24)
**23.50 Chuck** (8:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**00.35 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.
**01.00 Falcon Crest** (8:28)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BÍÓ

**06.10 Baby Mama**
**08.00 Speed Racer**
**10.10 The Naked Gun**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja**
**14.00 Speed Racer**
**16.10 The Naked Gun**
**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja**
**20.00 Baby Mama**
**22.00 Surrogates**
**00.00 Gladiator**
**02.30 Rocky Balboa**
**04.10 Surrogates**
**06.00 Bourne Identity**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Svavar ræðir við Þórunni Sigurðardóttur.
**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar tala um markaðsmálin.
**21.00 Harpix í hárið** Öðruvísi þáttur um handbolta í aðventu HM.
**21.30 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

World Class ICELAND

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 19.35
### Arsenal - Man. City

Í kvöld mætast Arsenal og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og verður leikurinn sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2. Þegar liðin mættust í Manchester í október hafði Arsenal betur, 3-0.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**11.10** Sjukehuset i Aidensfield **12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Tour de Ski **14.55** Hoppuka **15.00** NRK nyheter **15.05** Hoppuka **16.00** NRK nyheter **16.10** Filmavisen 1960 **16.20** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.15** Jordmødrene **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Folk **22.00** Kveldsnytt **22.15** Millionær i forkledning **23.05** The Pacific **00.35** Svisj gull

### BBC entertainment

**09.45** QI **10.15** QI **10.45** Fawlty Towers **11.15** EastEnders **11.45** Lark Rise to Candleford **12.40** Fawlty Towers **13.10** Only Fools and Horses **13.40** QI **14.10** QI **14.40** Lark Rise to Candleford **15.35** Lark Rise to Candleford **16.25** The Weakest Link **17.15** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Live at the Apollo **19.45** Live at the Apollo **20.30** QI **21.00** MDA **21.30** The Weakest Link **22.20** Fawlty Towers **22.55** Fawlty Towers **23.30** EastEnders **00.00** Only Fools and Horses **00.30** Live at the Apollo **01.15** Live at the Apollo

### DR 1

**11.10** Natur til hele banden **11.30** Min italienske drøm **12.30** Chris på Skolebænken **13.00** Vores Liv **13.30** Undercover chef - TDC **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Babar **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **19.00** Forsvundne danskere **19.30** Verdens vildeste ørkentur **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt 2011 **20.30** Ken Folletts Jordens søjler **22.15** Klodens kræfter

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Tour de Ski **14.55** Hoppuka **15.00** NRK nyheter **15.05** Hoppuka **16.00** NRK nyheter **16.10** Filmavisen 1960 **16.20** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.15** Jordmødrene **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Folk **22.00** Kveldsnytt **22.15** Millionær i forkledning **23.05** The Pacific **00.35** Svisj gull **02.00** Dansefot jukeboks m/chat

### SVT 1

**10.50** Sångpärlor **11.00** Rapport **11.05** Rapports årskrönika 2010 **12.05** Allsång på Skansen **13.05** Skidor: Världscupen Toblach **15.00** Rapport **15.05** Rebecca och Fiona **15.20** Take That igen **16.25** The Seventies **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Music for One X-mas and Six Drummers **17.15** Det goda livet **18.05** Minnenas television **18.30** Rapport **18.45** Herr och fru Papphammar **19.00** Fredriksdalsteatern 2010 **21.00** Nurse Jackie **21.30** The Pacific **22.20** Åt skogen **23.20** Minuten **00.20** Inför Idrottsgalan 2010




# Við heitum MEDOR

**Heilbrigðistæknisvið Vistor verður sjálfstætt fyrirtæki og hefur hlotið nafnið MEDOR.**

Við stofnun MEDOR verður til fyrirtæki sem býður fyrsta flokks lausnir og faglega þjónustu á sviði lækninga, hjúkrunar og rannsókna. Við tileinkum okkur nýjungar og framfarir og bjóðum vörur og þjónustu í samræmi við það.

Hjá MEDOR starfar vel menntað og þrautþjálfað fólk með 150 ára samanlagðan starfsaldur í faginu.

MEDOR býður vörur frá virtustu og þekktustu framleiðendum á sviði lækninga, hjúkrunar og rannsókna sem gerir MEDOR að ákjósanlegum samstarfsaðila fyrir breiðan hóp viðskiptavina.

PHILIPS AGFA 3M
SIEMENS ResMed ConvaTec
greiner bio-one Ambu GAMBRO
Agilent Technologies KCI RADIOMETER
Abbott A Promise for Life ASTRA ASTRA TECH LIFESCAN

**MEDOR ehf.** Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ · Sími 412 7000, Fax 412 7099 · medor@medor.is, www.medor.is

MEDOR
– lausnir fyrir lífið



FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og í iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ætli það sé ekki Núðluhúsið. Þar fæ ég mér kjúklinganúðlurnar með sterkri chili-sósu.“*

Jóhann G. Jóhannsson leikari.

# Konur gera sjónvarpsþátt um konur

„Við ætlum að fá til okkar konur sem þora að tjá sig,“ segir fjölmiðlakonan Björk Eiðsdóttir.

Björk stýrir nýjum spjallþætti ásamt Nadíu Banine sem hefur göngu sína á Skjá einum 15. febrúar. Þátturinn heitir Dyngjan og fjallar um konur, eða eins og Björk útskýrir: „Þetta á að vera spjallþáttur um konur og allt það sem við konur tölum um.“

Hvað talið þið um?

„Við tölum um allt. Við tölum um karlmenn, hjónabönd, sambönd, börn, tengdamæður, vinnuna, námið, aðrar konur og þar fram eftir götunum. Allt sem mæðir á okkur, það vantar vettvang þar sem konur fá að tala.“

Eruð þið að fylla í tómarúm?

„Já, mér finnst vanta vettvang þar sem konur láta ljós sitt skína og tala um það sem er stundum svolítið *tabú* að tala um. Eins og til dæmis hversu vanþakklátt móðurhlutverkið getur verið á stundum, samskiptin við hitt kynið og það sem því við kemur.“

Þættir á borð við hina bandarísku The View og bresku Loose Women eru fyrirmyndir Dyngjunnar sem mun leggja áherslu á málefni líðandi stundar út frá sjónarhóli kvenna. En verða konur einu viðmælendurnir?

„Við erum ekki búnar að ákveða það. Við ætlum að reyna að fá einhverja flotta karlmenn með smá innslög um hvað þeim finnst um það sem við erum að tala um – hver þeirra hlið er.“

- afb



**NÝR SPJALLÞÁTTUR** Björk Eiðsdóttir og Nadía Banine stýra nýjum þáttum á Skjá einum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Logi Geirs hefur störf í sjónvarpi

„Logi [Geirsson] er meiddur og getur ekki verið með landsliðinu en mun í stað þess vera tengiliður milli landsliðsins og þjóðarinnar enda þekkir hann hvern krók og kima hjá því, öll leikkerfi og getur jafnvel lesið í andlitsdrætti leikmanna,“ segir Þorsteinn J. Vilhjálmsson, umsjónarmaður HM-stofu Stöðvar 2 Sport í handbolta. Hann hefur fengið til liðs við sig fjóra þjóðþekkta handknattleikssérfræðinga á meðan HM fer fram í Svíþjóð en þetta eru auk Loga þau Guðjón Guðmundsson, Geir Sveinsson og Hafrún Kristjánsdóttir. Mótið hefst 13. janúar næstkomandi.

Logi sjálfur er auðvitað hundsvekktur að geta ekki verið með landsliðinu í Svíþjóð enda segir hann liðið nú vera einstakt, það geti unnið til verðlauna og slíku vilji enginn leikmaður missa af. „Ég var með svona atvinnumannaskóla fyrir yngstu kynslóðina í Kaplakrika milli jóla og nýárs og endaði skólann á því að sýna þeim myndbandið sem við horfðum á fyrir úrslitaleikinn gegn Frökkum á Ólympíuleikunum. Og það féllu alveg tár þegar maður rifjaði þetta upp,“ segir Logi, sem hefur verið að glíma við erfið meiðsl í öxl.

Logi hlakkar hins vegar til að takast á við sjónvarpsverkefnið og segist ætla að útskýra fyrir fólki alls kyns smáatriði sem varða leik landsliðsins og fólk skilur kannski ekki. „Til að mynda af hverju við spilum stundum 5-1 vörn, hvað leikkerfin ganga út á og hvernig þau eiga að ganga upp. Ég vona bara að ég komi þessu skemmtilega frá mér,“ segir Logi, sem hefur miklar væntingar til landsliðsins og telur að „strákarnir okkar“ geti barist um gullið ef allt gengur upp. „Það er einfaldlega kominn tími á sigur.“

- fgg



**Í SJÓNVARPIÐ** Logi Geirsson er á leið í sjónvarpið en hann verður einn fjögurra sérfræðinga hjá Stöð 2 Sport á meðan HM í handbolta fer fram um miðjan janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BÆTIR Í RÍGINN** Verzlunarskólinn og MR hafa lengi átt í erjum og eru þær Björg Brjánsdóttir, formaður Herranætur, og Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, formaður Nemendamótsnefndar Verzlunarskólans, ekki að draga úr þeim með því að setja upp nánast sömu sýninguna í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SIGRÍÐUR DAGBJÖRT:** OKKAR SÝNING VERÐUR MEIRA FYRIR AUGAÐ

# Draumar breytast í martröð hjá Verzló og MR

„Við vorum búin að ræða þetta leikrit löngu áður en við vissum af Verzlunarskólanum, en vorum samt ekki búin að taka neina endanlega ákvörðun,“ segir Björg Brjánsdóttir, formaður Herranætur, leikfélags Menntaskólans í Reykjavík, en skólinn frumsýnir leikverk Shakespeares, Draum á Jónsmessunótt, hinn 25. febrúar í húsi Norðurpólsins. Sú staða er komin upp að Verzlunarskóli Íslands frumsýnir söngleikinn Drauminn í Loftkastalanum hinn 3. febrúar, en söngleikurinn er einmitt byggður á fyrrnefndu verki Shakespeares. Það er því ljóst að söguþráður sýninganna verður með ansi svipuðu sniði.

„Ég komst að þessu fyrir um þremur vikum. Það var mikill sorgardagur,“ segir Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, formaður Nemendamótsnefndar Verzlunarskólans. Sigríður segir undirbúninginn löngu hafinn, og því hafi ekki komið til greina að skipta um sýningu. „Það er náttúrlega ekkert hægt að breyta um sýningu núna, það fer allt að verða tilbúið.“

Bæði Verzlunarskólinn og Menntaskólinn í Reykjavík eiga sér langa leiklistarsögu. Verzlunarskólinn hefur hins vegar alltaf sett upp söngleiki og verður engin breyting á því í ár. „Þar sem við erum með söngleik tel ég að okkar sýning verði töluvert meira fyrir augað,“ segir Sigríður Dagbjört. Björg hefur þó litlar áhyggjur af því að fólk muni frekar sækja sýningu Verzlunarskólans. „Mér finnst frekar áhugavert að sjá bæði leikrit og nútímasöngleik, byggða á sama leikverkinu, og ég vona að flestir vilji það líka.“

Aldrei áður hefur komið upp sú staða að tveir af stærri menntaskólum landsins taki upp sömu sýninguna. „Þetta er náttúrlega svolítið spes, en vonandi verður þetta okkur báðum til framdráttar. Við ætlum bara að halda okkar striki og láta þetta ekki hafa áhrif á okkur,“ segir Sigríður Dagbjört. Orri Huginn Ágústsson fer með leikstjórn Draumsins en það er í höndum Gunnars Helgasonar að leikstýra MR-ingum.

kristjana@frettabladid.is






# Klovn-tvíeyki til landsins

„Jú, þeir eru að koma, lenda á fimmtudaginn og verða væntanlega fram yfir helgi,“ segir Sigurður Victor Chelbat hjá Sambíóunum. Klovn-tvíeykið, Frank Hvam og Casper Christensen, ætlar að sækja Ísland heim í vikunni og kynna myndina sína Klovn: The Movie. Myndin hefur fengið afbragðsgóða dóma í dönskum fjölmiðlum, stefnir hraðbyri að aðsóknarmeti þar og svo hafa Íslendingar verið veikir fyrir þessari kolsvörtu kómík frá herraþjóðinni fyrrverandi. Sigurður Victor segir Frank og Casper ætla að vera viðstadda nokkrar sýningar enda séu þeir spenntir að sjá hvernig íslenska þjóðin taki myndinni.

Það hefur mikið verið rætt og ritað um Klovn-tvíeykið í íslenskum fjölmiðlum og sjálfir hafa þeir félagar lýst því yfir að vinsældir þeirra hér á landi séu ótrúlegar. Þeir hafa raunar bundist Íslendingum miklum tryggðaböndum, Frank Hvam lék á móti Frímanni Gunnarssyni í sjónvarpsþáttunum Mér er gamanmál og saman komu þeir fram á mikilli uppistandssýningu í Háskólabíói á síðasta ári. Casper og eiginkona hans Iben Hjejle, sem leikur einnig í þáttunum, héldu jólin hér á landi fyrir tveimur árum og Iben var formaður dómnefndar RIFF, Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík.



**MÆTA** Ekki var víst hvort Klovn-félagarnir kæmust til Íslands en nú hefur það verið staðfest. Þeir lenda á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurður segist búast við því að þeir Frank og Casper ætli að mála bæinn rauðan og verið sé að leggja drög að teiti fyrir þá tvo. Þar komi Austur sterklega til greina. „Annars eru þeir miklir Dillonmenn og fara þangað þegar þeir eru á annað borð á Íslandi.“

- fgg

# SIGGI SIGURJÓNS ER

# AFINN

## ÓUMFLÝJANLEGT FRAMHALD PABBANS

eftir Bjarna Hauk Þórsson



Tryggðu þér miða strax!

„Landsþekktur leikari með ofurskammt af Viagra gripinn í Grindavík"

## Frumsýning 14. janúar – forsala hafin!

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán. | 10/1 kl. 20 | | Mið. | 19/1 kl. 20 | UPPSELT | Mið. | 26/1 kl. 20 | UPPSELT |
| Þri. | 11/1 kl. 20 | UPPSELT | Fim. | 20/1 kl. 20 | UPPSELT | Fim. | 27/1 kl. 20 | UPPSELT |
| Mið. | 12/1 kl. 20 | UPPSELT | Fös. | 21/1 kl. 19 | UPPSELT | Fös. | 28/1 kl. 19 | örfá sæti |
| Fim. | 13/1 kl. 20 | UPPSELT | Fös. | 21/1 kl. 22 | aukasýning | Fös. | 28/1 kl. 22 | aukasýning |
| Fös. | 14/1 kl. 20 | UPPSELT | Lau. | 22/1 kl. 19 | UPPSELT | Lau. | 29/1 kl. 19 | |
| Lau. | 15/1 kl. 20 | UPPSELT | Lau. | 22/1 kl. 22 | aukasýning | Lau. | 29/1 kl. 22 | örfá sæti |
| Sun. | 16/1 kl. 20 | UPPSELT | Sun. | 23/1 kl. 20 | örfá sæti | Sun. | 30/1 kl. 20 | |

LYFJA | Miðasala | 568 8000 borgarleikhus.is | THORSSON PRODUCTIONS TP | Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tekur fram spurninga skóna

**Logi Bergmann Eiðsson** hyggst brjóta upp þættina sína Logi í beinni eilítið á nýju ári. Hann verður með sérstakan handboltaþátt á föstudaginn en eftir viku verður blásið til mikillar spurningakeppni þar sem þjóðþekktir einstaklingar keppa innbyrðis í tveggja manna liðum. Björn Jörundur Friðbjörnsson og Guðmundur Steingrímsson skipa eitt liðið og þau Ilmur Kristjánsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson eru í öðru. Þriðja liðið er svo skipað veitingamanninum Jóhannesi Ásbjörnssyni og Naglbítnum Vilhelm Antoni Jónssyni sem sjálfur stjórnar reyndar spurningaþætti á Rás 2.



### Önnum kafinn Bragi

**Bragi Valdimar Skúlason** hefur augljóslega fleiri klukkutíma í sólarhringnum en aðrir Íslendingar. Fréttablaðið greindi frá því í litlum stúf að hann, ásamt Baggalútsfélögum sínum, semdi tónlistina við gamanleikinn Nei, ráðherra sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu í næsta mánuði. Bragi setur það augljóslega ekki fyrir sig að vinna með höfuðandstæðingnum því hann er nú í hljóðveri með leikurum Þjóðleikhússins í Ballinu á Bessastöðum að taka upp lög fyrir þá sýningu ásamt Guðmundi Kristni Jónssyni, oftast kenndum við Hjálma. - **fgg**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Tók ljósmynd af morðingja sínum
2. Dularfullt morðmál í Bandaríkjunum
3. Fatarisinn H&M horfir til Íslands
4. Lögreglan leitar að Birgittu
5. Kínverjar skjóta niður gervihnetti




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.


# Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?
Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.990* kr. á mánuði
og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbnum.
Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.990* kr. á mánuði
og færð aðgang í alla opna og LOKAÐA tíma.

Hot jóga - ***innifalið***
Heilsuátak - ***innifalið***
Tabata - ***innifalið***
Afró - ***innifalið***
Magadans - ***innifalið***
Bollywood - ***innifalið***
Les Mills tímar - ***innifalið***
Salsaleikfimi - ***innifalið***
Flamenco - ***innifalið***
Tæbox - ***innifalið***
o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug,
vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Baðhúsið - fyrir klárar konur
Vertu velkomin.

**Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk**



Ljósmyndari Vera Pálsd.

***Komdu strax í klúbbinn og byrjaðu að æfa,***
***fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í febrúar!***
*Kynntu þér úrval tíma í stundaskrá á www.badhusid.is*

5.990* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir, Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515 1900